



Það er ekki alltaf átakalaust, starf vísindamannsins. Hér lesa Sveinbjörn Steinþórsson og Þorbjörg Ágústsdóttir af jarðskjálftamælum á Reykjanesskaga. Niðurstöðurnar voru bornar saman í mælaneti Háskóla Íslands og Cambridge-háskólans. Síðar um daginn er veður tók að versna týndust tveir starfsmenn Veðurstofunnar á svæðinu. Voru þyrla Landhelgisgæslunnar og leitarsveitir kallaðar út til að finna þá. Þegar fólkið fannst stuttu síðar var það þreytt og örmagna eftir dvölinu í þokunni sem lagst hafði yfir svæðið. Sjá síður 2 og 4 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Sértæk úrræði hrannast inn

Samkvæmt talningu koma 600 íbúðir sem flokkast sem sértæk úrræði á markaðinn í ár. Óvíst með eftirspurn vegna vaxtalækkana og tilfærslu frá leigumarkaði. Varað við einsleitni í uppbyggingu á félagsíbúðum.

**VÍÐSKIPTI** Ætla má að 600 íbúðir sem teljast til sértækra úrræða á húsnæðismarkaði komi inn á markaðinn í ár en það er riflega þriðjungur af framboðinu sem vænta má 2021. Þetta kemur fram í talningu sem GAMMA framkvæmdi síðasta sumar.

„Aðgerðir stjórnvalda til aðstoðar fyrstu kaupendum, ásamt vaxtalækkunum, hafa auðveldað kaup á íbúð og því óvíst hve mikil eftirspurn er og verður eftir leiguhúsnæði þegar gripið hefur verið til slíkra aðgerða,“ segir Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá Landsbankanum.

Með sértækum úrræðum er átt við félagslegar íbúðir, stúdenta-

íbúðir, íbúðir á vegum leigufélagsins Bjargs og íbúðir undir átaksverkefni Reykjavíkurborgar um hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk. Um 63 prósent af íbúðum sem framkvæmdir hófust við í Reykjavík á tólf mánaða tímabili fyrir talninguna síðasta sumar teljast til sértækra úrræða.

Una bendir á að spennan á markaðinum gæti aukist á ný þegar ferðamenn streyma aftur til landsins. „Þá verður mikilvægt að hafa valkost fyrir tekjulægri hópa sem kjósa að vera á leigumarkaði.“

Arnar Gauti Reynisson, framkvæmdastjóri Hemstaden á Íslandi, segir ástandið á markaðinum mjög

Ég hef áhyggjur af því að sjónarmið um gæði og félagslega fjölbreytni hafi ekki fengið nægilegt vægi í uppbyggingunni.

Maria Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Ölmú



ólíkt því sem var árið 2017 þegar eftirspurn eftir leigubúðum var

sem mest. „Þá auglýstum við íbúð og fengum 70 umsóknir. Núna erum við með lausar íbúðir víða í bænum.“

Maria Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri leigufélagsins Ölmú, segir jákvætt að gert hafi verið átak í því að auka framboð á félagslegu húsnæði. „En á sama tíma hef ég áhyggjur af því að sjónarmið um gæði og félagslega fjölbreytni hafi ekki fengið nægilegt vægi í uppbyggingunni,“ segir Maria Björk. Mikilvægt sé að tryggja félagslega blöndun frekar en að setja tekjuþak á heilu fjölbýlisklasana. „Það vill enginn byggja upp einsleit og stéttaskipt hverfi.“ – tfh / sjá Markaðinn

## Leitar hetja úr hvunndeginum

**LÍFIÐ** „Maður verður að hafa eitthvað fyrir stafni á meðan maður bíður eftir þessu barni,“ segir sjónvarpskonan Viktoría Hermannsdóttir, sem bíður almenning um að benda sér á hvunndagshetjur fyrir nýjan sjónvarpsþátt. Hún á von á sér eftir tæpa þrjá mánuði.



Viktoría Hermannsdóttir.

„Hugmyndin er bara að finna þetta fólk sem er úti í samfélaginu að gera svo magnaða hluti án þess kannski að það sé verið að fjalla sérstaklega um það,“ segir Viktoría.

– þþ / sjá síðu 22

# 23 ÁRA AFMÆLI

Fullt af frábærum afmælistilboðum

ELKO

## Biðstaða á Reykjanesi

**NÁTTÚRUHAMFARIR** „Staðan sýnist mér vera sú sama milli daga,“ segir Ásta Rut Hjartardóttir, jarðeðlisfræðingur hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, um ástandið á Reykjaneskaga þar sem jörð hefur skolfið af krafti í heila viku.

Skjálftavirknin minnkaði að sögn Ástu Rutar örlítið í gær. Það þýði ekki að hrinan sé yfirstaðin. „Það þarf bara að biða og sjá,“ segir hún.



Ásta Rut Hjartardóttir jarðeðlisfræðingur.

Vísindamenn voru á Reykjanesi í gær við ýmsar mælingar og aflestur mæla sem þar eru. „Af því sem ég hef heyrt þá virtist þetta staðfesta þá túlkun að það sé eitthvert gangannskot þarna,“ segir Ásta Rut.

Af þeim sviðsmyndum sem nefndar hafa verið er engin enn út af borðinu. Fram hefur komið að ef til goss kæmi þá myndi það ekki vera mikil ógn við fólk eða byggð. „Ef það myndi gjósa milli Keilis og Fagradalsfjalls þá er það ágætis staður, eiginlega eins langt frá byggð og innviðum og getur orðið,“ segir Ásta Rut.

Sama gildir um stóran skjálfta sem enn sé hugsanlegur. „Þetta léttir ekkert á þeim möguleika,“ segir jarðeðlisfræðingurinn. – gar

## Tilfinningarík kveðjustund



Fjölskylda og vinir heiðruðu minningu fjallagarpisins Johns Snorra Sigurjónssonar við ljósa- og bænastund við Vífilstaðavatn í gær. John Snorri, Muhammad Ali Sadpara og Juan Pablo Mohr reyndu við eitt mannskæðasta fjall heims í febrúar en skiluðu sér ekki aftur. Í lok göngunnar mynduðu mörg hundruð þátttakendur minningarstundarinnar ljósa- og bænastund við Vífilstaðavatn í kringum Vífilstaðavatn í tilfinningaríkrri stund. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Silfurlitaður krummi sást spóka sig í Mosfellsbæ

**DÝRALÍF** Áhugaljósmyndaranum Halldóri Pétri Þrastarsyni brá heldur betur skemmtilega í brún er hann kom auga á silfraðan hrafni í Mosfellsbænum í síðustu viku.

Halldór var í einni af sínum reglulegu ljósmyndaferðum þegar hann kom auga á hrafinn og náði myndum sem segja má að séu harla fágætar.

» Þegar litarefni vantar í hrafna eru þeir oft mórauðir en stundum gráleitir eða silfraðir að sögn sérfræðings hjá Náttúrufraeðistofnun.

Fréttablaðið hafði samband við Kristín Hauk Skarphéðinsson, dýravistfræðing hjá Náttúrufraeðistofnun Íslands, sem sagði þetta svokallaðan mórauðan hrafni en í slíka fugla vantar litarefni. Oft eru þeir móbrúnir en stundum gráleitir



Silfurhrafnar eru afar sjaldgæfir. MYND/HALLDÓR PÉTUR ÞRASTARSON

eða silfraðir eins og sá sem náðist á meðfylgjandi mynd Halldórs.

Svona fuglar sjást árlega en eru samt mjög sjaldgæfir og eru algengastir á vestanverðu landinu. Um tíma sást þeir flestir í Borgarfirði, svo vel má vera að þetta einkenni leggist í ákveðnar hrafnafjölskyldur, segir í svari Kristíns. – lb

## Eyjamenn sælastir en óhamingja í Reykjavík

Könnun sýnir að íbúar Vestmannaeyja eru þeir hamingjusömustu á landinu og þar er einnig best að búa. Íbúar Reykjanesbæjar og höfuðborgarsvæðisins eru óhamingjusamastir en Grindvíkingar ánægðastir með sveitarfélagið sitt.

**SAMFÉLAG** Íbúar Vestmannaeyja og Snæfellsness eru þeir hamingjusömustu á landinu samkvæmt Íbúakönnun landslutanna.

Íbúar Reykjanesbæjar og höfuðborgarsvæðisins voru þeir óhamingjusömustu í könnuninni og þeir einu sem voru marktækt óhamingjusamari en aðrir.

Best er að búa í Vestmannaeyjum, svo á Akureyri og Eyjafjörður hlaut bronsið.

Alls tóku um 10 þúsund manns þátt í könnuninni en sunnanverðir Vestfirðir, Strandir og Reykhólar komu verst út úr könnuninni þegar spurt var um búsetuskilyrði.

Mest lækkuðu Strandir og Reykhólar og Reykjanesbær á milli kannana en sú síðasta var gerð árið 2017. Grindvíkingar voru ánægðastir með sveitarfélagið sitt, því næst íbúar Vestmannaeyja og síðan Suðurnesjabæjar.

Íbúar Dalanna voru óánægðastir með sveitarfélagið sitt, því næst íbúar Fjarðabyggðar og Suðurfjarða og síðan Borgarfjarðarsvæðis.

Könnunin kannaði hug íbúa til búsetuskilyrða, aðstæðna á vinnu- markaði og afstöðu til nokkurra mikilvægra atriða, hamingju og hvort íbúar séu á förum frá landshlutanum.

Vífill Karlsson, Ph.D. í hagfræði hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, hafði yfirumsjón með gerð könnunarinnar, ásamt því að vinna úr niðurstöðum með Helgu Maríu Pétursdóttur hjá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.

Könnunin fór fram í september og október í fyrra. Hún var gerð á þremur tungumálum, það er íslensku, ensku og pólsku. Útlend-



Vestmannaeyingar eru hamingjusamastir Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við keyptum 230 fermetra einbýlishús hérna á verði blokkaríbúðar og þessar niðurstöður koma mér ekki mikið á óvart.

Daniel Geir Moritz, grunnskólakennari í Vestmannaeyjum



ingar tóku mun meira þátt núna en í síðustu könnun.

Daniel Geir Moritz, grunnskólakennari og formaður knattspyrnu- deildar ÍBV, flutti til Vestmannaeyja fyrir tæpum þremur árum. Unnusta hans, Sigurleif Kristmannsdóttir, er úr Eyjum.

„Við keyptum 230 fermetra einbýlishús hérna á verði blokkaríbúðar og þessar niðurstöður koma mér

ekki mikið á óvart. Ég myndi segja að númer eitt tvö og þrjú er Eyjafólk er stolt af sinni sögu og sínu samfélagi. Það er enginn sem heldur meira með bænum sínum eða íþróttaliðinu sínu en Vestmannaeyingar. Svo er líka gott aðgengi að fólki sem tekur ákvarðanir. Þetta er heppileg stærð af sveitarfélagi, hvorki of lítið né of stórt.“

Daniel bendir á að þjónustustigið sé hátt í Eyjum, mikil dagskrá fyrir börn og barnafjölskyldur og ótrúleg náttúrufegurð skemmi ekki neitt.

„Það sem lætur mér líða vel, sem íbúa í Vestmannaeyjum, er hvað Eyjamenn eru duglegir að stytta sér stundir með mjög mismunandi hætti. Hér er rosaleg dagskrá fyrir börn og barnafjölskyldur og það er mjög hátt þjónustustig. Veitingastaðir eru góðir og hér er besta brugghús landsins, sem hentar mér einstaklega vel.“

benediktboas@frettabladid.is

## FERMING FRAMUNDAN?



FAXAFENI 11, 108 REYKJAVÍK S: 534-0534  
WWW.PARTYBUDIN.IS

PARTYBUDIN

Frí heimsending!

# Heimsending innan tveggja tíma



**Driscoll's bláber** 300 g  
790 kr



**Eitt sett í bitum** 285 g  
397 kr




**Grísk jógúrt** 350 g  
347 kr



**Avocado (Ettinger)** ca 250 g  
207 kr



**Jöklasalat** ca. 400 gr  
130 kr



**Heill kjúklingur (Kjörfugl)**  
755 kr/kg



**Vatnsmelóna**  
287 kr/kg



**Biobú lífræn jógúrt** 170 g  
142 kr/pk



**Feykir** 260 g  
1.390 kr



**Coca-Cola** 6 x 330 ml  
477 kr

**Kíktu á uppskriftir  
eftir Lindu Ben á  
heimkaup.is**

 **HEIMKAUP.IS**





Látrabjarg er eitt helsta aðdráttar-afl Vestfjarða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Látrabjarg loks orðið friðlýst

**VESTFIRDÍR** Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðgjafi, skrifaði í gær undir friðlýsingu fuglabjargins Látrabjargs á Vestfjörðum.

Unnið hefur verið að friðlýsingu svæðisins frá því að Alþingi samþykkti þingsályktun um náttúruverndaráætlun árið 2003.

➤ Látrabjarg er eitt stærsta fuglabjarg Evrópu og þar er mesta sjófuglabýggð Íslands.

Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda sérstætt og fjölbreytt lífríki svæðisins sem og búsvæði fuglanna. Þetta sé eitt stærsta fuglabjarg Evrópu og mesta sjófuglabýggð landsins.

„Í dag er stór dagur í náttúruvernd þegar við friðlýsum Látrabjarg, eitt stórbrotnasta fuglabjarg landsins og með þeim stærstu við Norður-Atlantshaf. Þá hefur orðið aukning ferðamanna út á bjargið undanfarið ár og því mjög brýnt að stýra umferð með markvissum hætti og efla umsjón með svæðinu. Von mín er sú að fuglar og menn geti notið svæðisins um ókomna tíð,“ sagði Guðmundur Ingi. – kpt

## Íslendingurinn nú í farbanni

**LÖGREGLUMÁL** Íslendingurinn sem verið hefur í gæsluvarðhaldi vegna morðsins í Rauðagerði var látinn laus úr gæsluvarðhaldi í gær en úrskurðaður í fjögurra vikna farbann í Héraðsdómi Reykjavíkur. Orðið var við kröfu lögreglu um farbann á grundvelli rannsóknarhagsmuna.

Maðurinn hafði setið í gæsluvarðhaldi í hálfan mánuð. Enn sitja fimm í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknarinnar og að auki eru fjórir í farbanni. Lögregla vill ekki veita frekari upplýsingar um málið að svo stöddu. – fbl

# Spotify orðið allsráðandi í íslenskrari tónlistarsölu

**MENNING** Um 90 prósent af tónlistarsölu frá útgefendum og dreifendum árið 2019 fóru fram í gegnum tónlistarveituna Spotify. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hagstofu Íslands.

Þar segir að söluandvirði hljóðrita frá útgefendum og dreifendum hafi aukist um 18 prósent á milli árið 2018 og 2019. Það sé fjórða árið í röð sem söluandvirðið hækkar að raunvirði eftir nær samfelldan samdrátt frá því um aldamót.



Bragi Valdimar Skúlason, formaður FTT og STEFs

„Íslendingar eru mjög duglegir að hlusta,“ segir Bragi Valdimar Skúlason, formaður FTT og STEFs. „Það eru vel yfir hundrad þúsund borgandi Spotify-notendur hér á landi,

en yfirburðastaða Spotify og lækkandi hlutfall íslenskrar tónlistar er áhyggjuefni.“

Bragi segir skoðanir tónlistarmanna á Íslandi á málinu skiptar. „Sumir spila vel úr þessu, sérstaklega mikið af yngri kynslóðinni sem hefur alist upp við þetta og þekkir ekki annað,“ segir Bragi. „Aðrir sem voru kannski vanir eintakasölu og treystu á hana eru ekki jafn ánægðir.“

Ein helsta gagnrýni tónlistar-

manna á Spotify hefur verið að peningurinn sem notandi borgar fer ekkert endilega til þess tónlistarfólks sem hann hlustar á.

„Greiðslumódelið gerir það að verkum að megnið af peningunum rennur til hlutfallslega fárra, og síðast til höfundanna,“ segir Bragi. „Það jákvæða í þessu er að söluþekjurnar hér á landi eru að hækka. Þar til fyrir um fjórum árum var sala í frjálsu falli en það hefur tekist að koma á öflugri viðspyrnu.“ – atv

# Skoða að nota stórar sjódælar

Stórtækar sjódælar gætu nýst til að kæla og stýra hraunflæði komi til eldgoss á Reykjanesi. Búnaðurinn er þó ekki til í landinu. Rýmingaráætlanir hafa nú verið settar í meiri forgang hjá almannavörnum.

**NÁTTÚRUHAMFARIR** Almannavarnir hafa það til skoðunar að nota stórtækar sjó- og vatnsdælar komi upp gos sem ógnar byggð eða mikilvægum mannvirkjum. Þó að jarðvísindamenn telji að hraunflæði úr mögulegu gosi nú muni ekki ógna byggð funda almannavarnir um hvernig megi verja samgöngumannvirki, veitur, rafmagn og fjarskipti. Íslendingar þekkja sjódælar vel enda björguðu þær Vestmannaeyjahöfn í gosinu árið 1973.

Dælar geta bæði hægt á hraunflæði og vikið því af leið. „Ef til dæmis háspennulinurnar væru í hættu myndum við skoða hvernig væri hægt að stýra hraunstraumnum fram hjá þeim,“ segir Víðir Reynisson yfirlögrelupjónn. Þykkt hraunsins og seigja skipti þó máli sem og fjarlægðin frá hafinu.

Víðir segir búnaðinn þó ekki til í stórum stíl í landinu. „Við erum í alþjóðlegu samstarfi þannig að við gætum kallað eftir stórvirkum dælum sem aðallega eru til að dæla flóðvatni í burtu,“ segir Víðir. Þetta sé þó ekki auðvelt mál, vegna orkunotkunar og fleiri þátta. „Það væri hægt að koma slíkum búnaði til landsins á einum eða tveimur dögum með stórum flutningavélum.“

Jarðvísindamenn telja að óróinn sem hófst í lok árs 2019 geti boðað langt eldvirkniskeið á Reykjanes-skaga og horfa hundruð ára fram í tímann. Rýmingaráætlanir eru hins vegar ekki til fyrir Reykjanesið, að undanskilinni nýrri áætlun fyrir Grindavík.

Víðir segir ekki hafa verið talda jafn mikla þörf fyrir áætlanir annars staðar en í Grindavík þar sem kvikuinnskot varð við bæinn. Áætlanir fyrir aðra þéttbýliskjarna svæðisins séu á döfinni og hafi hlotið meiri forgang.

„Rýmingaráætlanir verða klár-



Þótt gos myndi ekki ógna byggð er skoðað hvernig megi verja vegi, veitur, rafmagn og fjarskipti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Það væri hægt að koma slíkum búnaði til landsins á einum eða tveimur dögum með stórum flutningavélum.

Víðir Reynisson, yfirlögrelupjónn



lega gerðar á næstunni. Hingað til hefur þetta ekki verið í forgangi því við erum með mjög takmarkaðan mannskap,“ segir Víðir. Ekki sé þó hægt að segja til um hvenær þær muni liggja fyrir. Þúsundir vinnustunda liggja að baki hverri og einni, fjárframlög þurfi til og aðkomu margra sérfræðinga. „Ég

á ekki von á öðru en að þetta verði skipulega sett upp og áætlanir verði gerðar fyrir bæjarfélögin á tiltölulega stuttum tíma.“

Íbúafjöldinn í sveitarfélögunum fjórum, Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, Vogum og Grindavíkurbæ, er rúmlega 28 þúsund, þar af eru tæplega 20 þúsund í Reykjanesbæ.

Víðir segir að ef skyndilega þyrfti að rýma yrði farið eftir grunnskipulagi rýmingar almannavarnarskipulagsins sem sé ekki mjög flókið í framkvæmd. Vegagerðin hafi einnig gert hermílikan fyrir rýmingu Reykjanesbæjar. „Aðalmálið er að stýra rýmingunni þannig að umferðarmannvirkin ráði við hana og það skapist ekki stífla,“ segir hann. Stýring hringtorga skipti miklu máli sem og uppskipting hverfa.

Telur Víðir sennilegt að hægt væri

á rýma svæðið á einum degi. Yrði þá horft til bæði norður- og suðurleidarinnar frá nesinu en bátar og skip yrðu ekki notuð nema sem algjört neyðarúrræði. Hægt sé að loka fyrir umferð í aðra áttina og nýta allar akreinar. Sagan segi okkur hins vegar að hraunflæði sé hægt og taki nokkra daga.

Kæmi til rýminga yrði skilaboðum komið með smáskilaboðum í alla farsíma og skilaboðum komið til fólks með fjölmiðlum og samfélagsmiðlum. Sveitarfélögin hafi áætlanir um fjöldahjálparstöðvar, oft skóla og iþróttamannvirki, og myndi höfuðborgarsvæðið taka við fólkinu. „Síðan yrði spilað úr þessu, sumir fara til ættingja eða á hótél sem eru til dæmis mörg hver auð í augnablikinu,“ segir Víðir.

kristinnhaukur@frettabladid.is

## Dale á milli starfa Nýtt námskeið fyrir atvinnuleitendur

**Markmið námskeiðsins eru:**

- Efla sjálfstraust og auka eldmóð
- Leita nýrra tækifæra og vinna með styrkleika sína
- Stækka tengslanetið og byggja upp ný sambönd
- Auka tjáningarhæfni til að skapa jákvæð áhrif
- Bæta viðhorf, minnka kvíða og stjórna streitu
- Gerð ferilskráar og styrkja ásýnd á samfélagsmiðlum




Námskeiðið er 6 skipti með viku millibili, 2,5 klst í senn. Verðið er 80.000 kr. og hægt er að fá styrk frá VMST allt að 60.000 kr. Sum stéttarfélög niðurgreiða 100%.

Námskeiðin eru staðbundin en líka í boði í live online fjarþjálfun í rauntíma. Sjáðu næstu námskeið á dale.is

Nánar á dale.is

**Dale Carnegie**

# GÓÐAR BÆKUR, GÓÐAR STUNDIR




Það hófst með leyndarmáli




Leyndarmálið okkar



Sögur frá Sovétríkjunum  
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-  
Verð: 3.999.-



Vítisfnykur  
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-  
Verð: 3.999.-



Dróninn  
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-  
Verð: 3.999.-



Þeir sem græta góðu stúlkurnar  
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-  
Verð: 3.999.-



Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4  
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind  
Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1  
Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsvík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 7. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# MAX-vélin Mývatn flýgur á ný eftir að hafa verið í geymslu á Spáni

**FLUGSAMGÖNGUR** „Ég bind miklar vonir við MAX-vélarnar – þær eru hagkvæmari og umhverfisvænni kostur og koma til með að efla leiðakerfi Icelandair, viðskiptavinum okkar til hagsbóta,“ segir Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair.

Á mánudag mun Boeing 737 MAX-vél Icelandair, sem ber nafnið Mývatn, hefja sig á loft í áætlunarflugi til Kaupmannahafnar. Félagið mun taka tvær Boeing 737 MAX vélar í rekstur á ný í mars. Vélunum tveimur var nýlega flogið hingað til

lands eftir dvöl í geymslu á Spáni.

Í tilkynningu Icelandair segir að flugmálayfirvöld í Bandaríkjunum, Kanada, Evrópu og víðar hafi nú aflétt kyrrsetningu vélanna eftir yfirgripsmikið endursamþykktarferli. Gerðar hafa verið uppfærslur á vélunum sem tryggja öryggi þeirra, auk þess sem auknar kröfur eru gerðar til þjálfunar flugmanna.

Mörg flugfélög hafa þegar tekið MAX-vélarnar í notkun og hafa flogið hátt í átta þúsund flug í áætlunarflugi síðan kyrrsetningu þeirra



Icelandair áætla að hefja notkun á tveimur MAX-vélum í næstu viku.

var aflétt. Flugfélög vestanhafs tóku vélarnar í notkun í lok síðasta árs en evrópsk flugfélög um miðjan febrúar síðastliðinn.

Á liðnum vikum hefur verið unnið að undirbúningi hjá Icelandair fyrir endurkomu vélanna. Flugvirkjar Icelandair vinna nú að uppfærslu vélanna í samræmi við kröfur flugmálayfirvalda.

Þá stendur þjálfun flugmanna yfir í þjálfunarsetri félagsins í Hafnarfirði. Þjálfunin er bæði bókleg og í flughermi en Icelandair er eitt fárra

flugfélaga í heiminum sem býr svo vel að eiga sérstakan Boeing 737 MAX flughermi.

Icelandair mun sýna þeim farþegum skilning sem kjósa að ferðast með öðrum vélum fyrst um sinn með sveigjanlegum bókunarskilmálum sem verða í boði tímabundið.

„Engin flugvélategund í sögunni hefur farið í gegnum jafn ítarlegt rannsóknar- og umbótaferli og við munum leggja okkur fram við að upplýsa farþega um öryggi vélanna,“ segir Bogi. – bb



Hvorki baktería né veira veldur riðu, heldur prótínið Prion.

## Riða greindist í Vatnsholti

**SAUÐFJÁRRÆKT** Riðuveiki hefur verið staðfest á bænum Vatnsholti í Húnaþingi en á bænum eru um 900 kindur. Halldór Lindal Jósafatsson, bóndi á Vatnsholti, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað en samkvæmt verklagi þarf að lóga öllu fé.

Í tilkynningu MAST segir að stofnunin vinni nú að öflun upplýsinga og undirbúningi aðgerða. Riðan greindist í sýni úr kind eftir að Halldór hafði samband við Matvælastofnun sem tók sýni úr kindinni og sendi á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum þar sem riðuveikin var staðfest.

Búið er í Vatnshólfi og í því hólfi hefur riðuveiki komið upp á einu búi á undanförunum 20 árum. Síðast greindist riða á bænum árið 1999. Ekki er talið að þetta tilfelli tengist riðutilfellunum í Tröllaskagahólfi þar sem riða greindist á fimm bæjum fyrir áramót.

Héraðsdýralæknir vinnur nú að öflun faraldsfræðilegra upplýsinga og úttekt á búinu til að meta umfang aðgerða við förgun fjár, þrif og sótt-hreinsun. Því næst fer málið í hefðbundið ferli hvað varðar gerð samnings um niðurskurð. – bb



Það er oft barist um pláss í Herjólfri.

## Vefur Herjólfur réð ekki við boltaforeldrana

**VESTMANNAEYJAR** Heimasíða Herjólfur hruði vegna álags þegar miðar í skipið vegna TM-mótsins fóru í sölu. Á móttíni keppir 5. flokkur kvenna og er ljóst að allir foreldrar allra barna munu ætla sér að koma og styðja við bakið á stúlkunum.

Mótið verður haldið dagana 10. til 12. júní og fóru ferðir fyrir aðra en keppendur, þjálfara og liðsstjóra í almenna sölu klukkan níu um morguninn.

Mótið er eitt af stærstu knattspyrnumótum ársins. Í fyrra voru 30 félög sem sendu lið til leiks. – bb

# Ósæðarlokuúsetningar með þræðingu gefa góð fyrirheit

Samkvæmt nýrri rannsókn á TAVI-aðgerðum, sem hófust á Íslandi árið 2012, eru langflestir á lífi ári eftir aðgerðina og alvarlegir fylgikvillar fátíðir. Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir, lektor og yfirlæknir hjartaþræðinga, segir rannsóknina gefa góð fyrirheit og að fólk jafni sig mun fyrr en eftir opnar hjartaaðgerðir.

**HEILBRIGÐISMÁL** Ný rannsókn sýnir að ósæðarlokuúsetningar með þræðingartækni hafa reynst afar vel á hjartadeild Landspítalans síðan þær hófust árið 2012 og eru langflestir sjúklingar á lífi ári eftir aðgerð.

Hinar svokölluðu TAVI-aðgerðir eru gerðar við ósæðarlokuþrengslum sem eru langalgengasti hjartalokusjúkdómurinn á Vesturlöndum.

Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir, lektor og yfirlæknir hjartaþræðinga, segir rannsóknina gefa góð fyrirheit í ljósi þess hversu litill Landspítalinn er og aðgerðin sé flókin.

„Það er mikilvægt að sýna fram á góðan árangur í þessum aðgerðum til þess að við getum valið þann meðferðarkost sem hentar best hverjum og einum,“ segir Ingibjörg.

Rannsóknin var hluti af BS-verkefni Katrínar Júníönu Lárusdóttur læknanema sem Ingibjörg og Tómas Guðbjartsson, prófessor og yfirlæknir, leiðbeindur.

Fram á mitt ár 2020 voru framkvæmdar 189 TAVI-aðgerðir á Landspítalanum. Flestir sjúklinganna höfðu alvarleg hjartabilunareinkenni, rúmlega helmingur sögu um kransæðasjúkdóm og fimmtungur hafði áður gengist undir opna hjartaaðgerð.

Meðalaldur sjúklinga var 83 ár og 98 prósent lifðu fyrstu 30 dagana sem þykir mjög góður árangur í erlendum samanburði. Þá voru 94 prósent á lífi einu ári frá aðgerð, sem er sama hlutfall og hjá fólki af sama aldri sem hafði ekki farið í aðgerð. Allmargir þurftu gangráð eftir aðgerð en alvarlegir fylgikvillar reyndust fátíðir.

Ingibjörg segir sjúkdóminn yfirlétt tengdan æðakölkun hjá eldra fólki en hann geti einnig herjað á yngra fólk og þá oft af öðrum meidi.

„Það er mikilvægt að fylgjast með vægari sjúkdómi en ef alvarleg þrenging er komin í lokuna er komin tími á aðgerð því það er ekki hægt að lækna þetta með lyfjum eingöngu,“ segir Ingibjörg. „Opin hjartaaðgerð hefur verið sú algeng-



Um átta manns koma að aðgerðunum sem hópurinn er sagður vera orðinn vel sérhæfður í. MYND/LANDSPÍTALINN

Þetta eru flóknar aðgerðir og mikil tækni sem liggur að baki.

Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir, lektor og yfirlæknir hjartaþræðinga



asta hingað til en TAVI-aðgerð, sem er gerð í gegnum nárann, verður sífellt algengari.“

Það fylgja því ýmsir kostir að komast hjá opinni hjartaaðgerð. Sjúklingurinn er vakandi, er ekki settur á hjarta- og lungnavél og getur útskrifast fáeinum dögum síðar.

189 TAVI-aðgerðir voru framkvæmdar á Landspítala frá 2012 fram á mitt ár 2020.

„Þegar vel gengur er fólk mun fljótara að jafna sig en eftir opna aðgerð,“ segir Ingibjörg. TAVI-aðgerðir séu hins vegar ekki hættulausar. Til dæmis geta komið upp blæðingar eða heilablóðföll.

„Þetta eru flóknar aðgerðir og mikil tækni sem liggur að baki. Teymi lækna, hjúkrunarfræðinga og annars starfsfólks er vel samstillt bæði hvað varðar undirbúning sjúklingsins sem er flókin og nákvæmur, í aðgerðinni sjálfri og fyrst eftir hana,“ segir Ingibjörg. Um átta manns koma að aðgerðunum sjálfum. Ingibjörg segir þau orðin vel sérhæfð í þeim.

Ingibjörg segir ekki alla með ósæðarlokuþrengsl komast í TAVI-aðgerð. Fólk þurfi að hafa góðan æðaaðgang og hafa ávinning af aðgerðinni þar sem hún sé ekki hættulaus. Hún er talin henta vel þeim sem síður þola opna aðgerð, til dæmis eldra fólk og þeim sem hafa gengist undir opna aðgerð áður.

Spurð hvort velgengni teymisins með TAVI-aðgerðir sé hvatning til að hefja aðrar flóknar aðgerðir segir Ingibjörg að slíkt sé alltaf í skodun. Tíðni aðgerða skipti þó máli í þessu samhengi.

„Við reiknum með 40 TAVI-aðgerðum á ári en sumar flóknar aðgerðir eru þannig að þær yrðu ekki nema tvær eða þrjár á ári sem er of sjaldgæft til að halda sérhæfingu á Íslandi,“ segir Ingibjörg. „Við fylgjumst þó vel með því sem gerist erlendis.“

kristinnhaukur@frettabladid.is

# Óhamingja að aukast í hópi ungra kvenna á Íslandi

**HEILBRIGÐISMÁL** Aukinn einmanaleiki mældist meðal ungs fólks árið 2020. Um 25 prósent einstaklinga á aldrinum 18 til 24 segjast finna oft eða mjög oft fyrir einmanaleika, samkvæmt talnabrunni sem unninn er af Embætti landlæknis.

Tölf prósent fullorðinna sögðust finna oft eða mjög oft fyrir einmanaleika á síðasta ári og er það aukning um tvö prósent sé miðað



Einmanaleiki er erfiður.

við árið á undan. Niðurstöðurnar sýndu að fleiri konur en karlar segjast finna fyrir einmanaleika og er kynjamunurinn mestur í aldursþópnum 45 til 64 ára.

Þá greina fleiri konur en karlar frá mikilli streitu í daglegu lífi. Árið 2020 var þetta hlutfall 28 prósent meðal kvenna en 22 hjá körlum.

Flest þeirra sem sem upplifa mikla streitu eru ungt fólk, 18-24

ára, eða 40 prósent á móti sex prósentum í hópi 65 ára og eldri.

Hamingja mældist einnig minnst á meðal þeirra sem yngstir eru en mest hjá þeim elstu og hefur mikil fækkun verið í hópi ungra kvenna sem telja sig mjög hamingjusamar.

Árið 2020 töldu 44 prósent kvenna á aldrinum 18-24 ára sig mjög hamingjusamar miðað við 57 prósent árið 2018. – bjd

**SÍÐASTI SÉNS**

**TAX  
FREE**

**SNYRTIVÖRU  
DAGAR**

**24. febrúar - 3. mars**

**Taxfree\***  
**af öllum snyrtivörum**

\*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

**Í Kringlu og Smáralind finnur þú  
mesta úrvalið og meira pláss**

**HAGKAUP**

*Snyrtivara*

# Almenningur megi vita ef fé er ráðstafað á annan hátt en lög segja

**STJÓRN MÁL** „Það vekur furðu mína að heilbrigðisráðherra velji að stunda pólitíska fimleika í stað þess að taka á bráðavanda hjúkrunarheimilanna í landinu, að ráðherra velji að beita ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra í pólitískum leik er svolítið undarlegt,“ segir Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður velferðarnefndar Alþingis.

Helgu Völu barst bréf frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem segir

að ráðuneytið geri „...alvarlegar athugasemdir við málflutning hennar í sjónvarpsfréttum RÚV.“ Þar ræddi Helga Vala um að erfiðlega gengi að ná samningum við Sjúkra-tryggingar. Nefndin hefði heyrt að ekki væri rétt farið með fé hjá einhverjum hjúkrunarheimilum.

Í bréfi heilbrigðisráðuneytisins segir að í þingskapatilögum sé afdráttarlaust kveðið á um að trúnaður skuli ríkja um málefni sem rædd eru á lokuðum nefndarfund-

**Það á erindi við almenning ef fjármunum er ráðstafað á annan hátt en fyrirskipað er með lögum.**

Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingar



um. „Heilbrigðisráðuneytið verður að geta treyst því að samskipti við velferðarnefnd byggja á heilindum, virðingu fyrir þeim málum sem þar eru til umfjöllunar og að trúnaðar sé gætt líkt og áskilið er í lögum.“ Helga Vala vísar á bug að hafa brotið trúnaðarákvæði þingskapatilaga.

„Samkvæmt þingskötum má ekki vitna beint í orð gesta hjá fastanefndum þings en alvanalegt er að umræða skapist í samfélaginu um það sem fram kemur á fundum

nefnda,“ segir Helga Vala.

Í umræddri frétt RÚV sagði að á fundi velferðarnefndar hefði verið nefnt að einhver sveitarfélög noti fé sem fara eigi í rekstur hjúkrunarheimila í annað.

„Eftirlitshlutverk þingsins er mikilvægt og það á erindi við almenning ef fjármunum er ráðstafað á annan hátt en fyrirskipað er með lögum. Eins þurfa sveitarfélög að bregðast við ef umræðan á ekki við rök að styðjast.“ – lb, bb



Seiko Hashimoto tók við starfi forseta Ólympíunefndarinnar í Tókýó.

## Ráða tólf konur í Ólympíunefnd

**JAPAN** Til stendur að bæta tólf konum við undirbúningsnefndina fyrir Ólympíuleikana í Tókýó, nokkrum vikum eftir að forseti nefndarinnar, Yoshiro Mori, sagði af sér vegna þrýstings eftir að hafa látið niðrandi ummæli um konur falla í útvarpsþætti. Tilkynnt verður hvaða tólf konur koma inn í nefndina í dag og þá eru 19 konur í 45 manna undirbúningsnefnd.

Mori lét af störfum eftir að niðrandi ummæli hans um konur rötuðu í heimspressuna. Þar hafði Mori orð á því að það væri erfitt að vinna með konum því þær töluðu af mikið á fundum.

Eftirmaður Moris, Seiko Hashimoto, segir að markmiðið sé að hlutfall kvenna sé fjórutíu prósent í nefndinni. – kpt

## Telja myndir sanna sök Norður-Kóreu

**KJARNORKUVOPN** Bandarísk stjórnvöld telja að gervihnöttur þeirra hafi náð mynd sem sanni að Norður-Kórea sé að útbúa geymslurými til að geyma kjarnorkuvopn til lengri tíma.

Á myndinni sem var tekin þann 11. febrúar af Yongdokkong-svæðinu sjást nýbyggingar og telja bandarísk stjórnvöld að frá þeim liggi göng að vopnageymslunum.

Samkvæmt heimildum CNN hafa bandarísk stjórnvöld fylgst vandlega með framkvæmdum á Yongdokkong-svæðinu á grundvelli þess að grunur léki á að þar yrðu kjarnorkuvopn Norður-Kóreu geymd. Samkvæmt sömu heimildum bíða bandamenn Bandaríkjanna eftir ákvörðun nýkjörins forseta, Joes Biden, þegar kemur að Norður-Kóreu og vopnakaþphlaupi þeirra. – kpt

# Ísland tilkynnnti um þrettán hættulegar vörur á síðasta ári

Tilkynnt var um þrettán hættulegar vörur, sem voru í sölu á Íslandi, til Evrópusambandsins á síðasta ári. Margar þeirra voru leikföng með hættulegu magni af eitrefnum. Gæðastjóri hjá Neytendastofu segir hættulegum vörum hafa fjölgað í faraldrinum, til að mynda grímum með fölsuðum CE-merkingum.

**NEYTENDAMÁL** Neytendastofnun tilkynnnti þrettán hættulegar vörur sem voru í sölu hér á landi til viðvornarkerfis Evrópusambandsins um hættulegar vörur, Safety Gate, á síðasta ári. Í gær var haldin rafræn ráðstefna á vegum Evrópusambandsins þar sem niðurstöður Safety Gate 2020 voru kynntar.

Guðrún Lárusdóttir, gæðastjóri á stjórnsýsluviði Neytendastofu, segir að þær vörur sem tilkynnt var um sem hættulegar á Íslandi séu úr hinum ýmsu vöruflokkum. Mikið sé þó um leikföng og andlitsgrímur. Safety Gate-kerfið sé afar gagnlegt hjálparkerfi þegar komi að öryggi vöru.

„Þegar það koma hættulegar vörur í sölu einhvers staðar í Evrópu eru þær strax skráðar inn í kerfið og þegar við sjáum vöru birtast annars staðar frá í kerfinu förum við strax að leita,“ segir Guðrún.

Þær vörur sem Neytendastofa tilkynnnti á síðasta ári voru sem dæmi tvö mjúk leikföng sem innihéldu smáa hluti sem gátu losnað frá og valdið köfnun, fjórar gerðir leikfangaslíms sem innihéldu efnið bór sem getur haft margvísleg eitrunar-áhrif og hettupeysa sem hafði of langa strengi í hettu sem geta valdið kyrkingarhættu.

Guðrún segir að á síðasta ári hafi komið upp dæmi um hættulegar vörur hér á landi sem ekki hafi sést í um áratug. Kórónaveirufaraldurinn og vöruskortur sé líkleg skýring.

„Við tókum eftir því á síðasta ári að það var farið að selja mikið af leikföngum sem ekki voru CE-merkt og barnaföt með böndum í háls málið en það er bannað í allri Evrópu vegna kyrkingarhættu og hefur ekki sést í tíu ár,“ segir Guðrún, en bannað er að selja vörur hér og í allri Evrópu beri þær ekki CE-merkingu.

Þá segir Guðrún einnig að á síðasta ári hafi komið upp fjölmörg dæmi um andlitsgrímur sem teljst hættulegar og séu ekki samþykktar í Evrópu.

„Andlitsgrímur eru vara sem



Fjórar tegundir af slími með bór voru til sölu á Íslandi í fyrra en efnið hefur áhrif á æxlunarfæri. MYND/ADSEND



**Bannað er að selja vörur í Evrópu beri þær ekki CE-merkingu.**

flæddi um allt árið 2020 og upp kom mikill grímuskortur. En það er ekki grímuhæfi í Evrópu svo það kunni enginn á þetta,“ segir Guðrún. „Það var mikið um að það væru falsaðar CE-merkingar á grímum,“ bætir hún við.

Hvað varðar magn eitrefna í leikföngum líkt og slími segir Guðrún að magnið sé misjafnt. „En þetta er nógu mikið magn til að það

**Við tókum eftir því á síðasta ári að það var farið að selja mikið af leikföngum sem ekki voru CE-merkt og barnafött með böndum í háls málið en það var bannað í allri Evrópu vegna kyrkingarhættu og hefur ekki sést í tíu ár.**

Guðrún Lárusdóttir, gæðastjóri á stjórnsýsluviði Neytendastofu



sé hættulegt og við höfum séð það fara upp í fjórfalt leyfilegt magn,“ segir hún.

Þrjú algengustu vöruflokkarnir í tilkynningum frá Íslandi voru leikföng, 66 prósent, hlífðarbúnaður 23 prósent og fatnaður 8 prósent. Þegar vörur eru tilkynntar í Safety Gate sem eru hættulegar, eru þær annað hvort innkallaðar eða þær teknar úr sölu.

„Í nánast öllum slíkum tilvikum eru verslanir eða innflytjendur fljót að bregðast við og menningin hér er sú að söluauðilar vilji ekki hafa hættulegar vörur í sölu. Sömu sögu er ekki að selja alls staðar í Evrópu og þykjum við afar ófundsverð af þessu,“ segir Guðrún.

Á vef Fréttablaðsins, frettabladid.is, má sjá fleiri myndir af þeim vörum sem tilkynntar voru af Neytendastofu sem hættulegar á síðasta ári. [birnadrofn@frettabladid.is](mailto:birnadrofn@frettabladid.is)

## Vörubílar beðið í allt að sex vikur

**BREXIT** Matvöruverslunin Overseas sem rekur 27 verslanir í Portúgal og á Spáni, fór hörðum orðum um hertar aðgerðir stjórnvalda í garð vörubíla sem flytja vörur fyrirtækisins frá Bretlandi til Spánar, eftir útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu í byrjun þessa árs. Með útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu var breskum fyrirtækjum ekki lengur frjálst að stunda vöruflutninga milli landa og hafa langar raðir vörubíla myndast við landamæri Bretlands.

Að sögn Overseas hafa 30 vöru-



Vöruútflutningur frá Bretlandi liður fyrir Brexit. FRÉTTABLAÐID/GETTY

bílar á vegum fyrirtækisins orðið fastir á landamærunum og þurft að dvelja í allt að sex vikur á meðan unnið er að því að fá tilskilin leyfi. Að sögn fyrirtækisins virtist sem svo að regluverkinu væri breytt daglega en fyrirtækinu hafði tekist að stytta biðtímann niður í 23 daga.

Overseas sem fagnar 25 ára afmæli á þessu ári rekur 25 verslanir, þar af 21 á Spáni og sjö á Kanaríeyjum á svæðum þar sem breskir ferðamenn eru fjölmennir. Fyrirtækið reidir sig á vörur frá Bretlandi og sinnir helst Bretum sem búa á Spáni. – kpt



**ADALSAFNAÐARFUNDUR  
LÁGAFELLSSÓKNAR**

verður haldinn 10. mars 2021 kl. 20:00 í sal safnaðarins á 3. hæð Þverholti 3 -270 Mosfellsbæ.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.

**Sóknamefndin.**



# Stóri bróðir er á leiðinni.

Nýr og endurbættur

Þess vegna bjóðum við Wizar  
hægindastólinn sem Íslendingar  
elska nú með **20% afslætti**.



**20%**  
afsláttur

Verð frá

**169.920** kr.

**Verð áður 209.900** kr.

Gildir aðeins meðan birgðir endast.

Í apríl 2021 frumsýnum við nýjan  
hægindastól, stóra bróðir Wizar.  
Stól sem mun gleðja Íslendinga um  
ókominn ár.

Fyrir lífsins ljúfu stundir.

**Vogue**  
FYRIR HEIMILIÐ

# Ritstjóri lögreglunnar



Adalheiður Ámundadóttir

adalheidur@frettabladid.is

**E**f eðlilega hefði verið haldið á málum á ritstjórnnum landsins aðfangadag síðastliðinna jóla hefðu vakthafandi blaðamenn, allir sem einn, slegið á þráðinn til dómsmálaráðherra eða sent henni skeyti, með fyrirspurninni: „Varst þú í Ásmundarsal í gær?“

Annað virðist nú hafa komið á daginn en sú nýlunda virðist hafa verið tekin upp á einhverjum ritstjórnnum að líta á dómsmálaráðherra sem upplýsingafulltrúa eða ritstjóra lögreglunnar og sem slík hafi hún því hlutverki að gegna að svara fyrir persónuverndarstefnu lögreglunnar. Ekkert var þó haft eftir ráðherra í fjölmiðlum um stefnu lögreglunnar í þessum efnum í aðdraganda jóla og það var ekki fyrr en milli jóla og nýárs að hinn formlegi upplýsingafulltrúi lögreglunnar sendi tilkynningu til fjölmiðla um að farist hefði fyrir að ritskoda dagbók lögreglu áður en hún var send fjölmiðlum á aðfangadag. Málið verði rannsakað til hlítar.

Ekkert bendir til annars en að valdbeiting ráðherra á aðfangadag hafi borið árangur. Afleiðingin verður lemstruð lögreglurannsókn á sóttvarnabroti, aukin tortryggni almennings gagnvart lögreglunni og skaddað samband lögreglu og fjölmiðla í landinu.

Afskipti dómsmálaráðherra af starfsemi lögreglu í tengslum við meint sóttvarnabrot í Ásmundarsal eru hins vegar ekki einsdæmi heldur þekkt mynstur.

Lögreglan er sérstaklega berskjölduð fyrir pólitískum áhrifum að mati GRECO, samtaka ríkja gegn spillingu. Í skýrslu sem samtökin birtu árið 2018 er meðal annars vísað til ábyrgðarkeðjunnar innan lögreglunnar, en hún sé lárétt en ekki lóðrétt og allir lögreglustjórar landsins heyri undir ráðherra en ekki ríkislögreglustjóra. Aðrar tæknilegar ástæður valdi einnig þessari hættu. Ekki er nóg með að lögreglan sé berskjölduð fyrir pólitískum áhrifum heldur hefur hætta á slíkum áhrifum raungerst með beinum afskiptum ráðherra af starfsemi lögreglu. Það er ekki aðeins mat stjórnmálamanna í stjórnarandstöðu eða fjölmiðla, heldur einnig fyrrnefndra samtaka og umboðsmanns Alþingis.

Ekki eru mörg ár síðan ráðherra í sama ráðuneyti þurfti að bakka með óheidarlega útgáfu af óforsvaranlegum samskiptum við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu. Hún neyddist á endanum til að biðja lögreglustjóran afsökunar í vidurvist umboðsmanns Alþingis, sem hóf frumkvæðisathugun á umræddum samskiptum þegar stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins hafði lokið sér af. Lögreglustjórinn hafði þá þegar sagt starfi sínu lausu og ráðherrann neyddist til að segja af sér skömmu síðar.

Eins og dæmin sanna hefur umboðsmaður Alþingis haft tilhneigingu til takmarkaðrar þolinmæði gagnvart óforsvaranlegum afskiptum ráðherra af lögreglurannsóknunum. Ætla má að eftirlit þingsins sé nú það eina sem kemur í veg fyrir að hann taki málið til skoðunar að eigin frumkvæði. Þar sem kosningar eru á næsta leiti eru litlar líkur á að þingmenn í framboði séu reiðubúnir að sleppa tókunum.



Ekki eru mörg ár síðan ráðherra í sama ráðuneyti þurfti að bakka með óheidarlega útgáfu af óforsvaranlegum samskiptum við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Kirkland-sokkar**  
Málefnaastaða Pirata er kannski ágæt þegar pólitískir andstæðingar þeirra á Alþingi virðast helst geta fundið höggstað á þeim fyrir að kunna ekki að klæða sig. Eitthvað sem vissulega er erfitt að horfa fram hjá og hefur itrekað stuðað til dæmis Brynjar Nielsson sem á það til að sjá rautt þegar Björn Levi Gunnarsson valsar um þinghúsið á sokkaleistum. Þá bendir yfirlýsing Miðflokksmannsins Þorsteins Sæmundssonar, um að óboðlegt sé að strangari kröfur séu um klæðaburð í Costco en á þinginu, til þess að honum sé endanlega nóg boðið.

**Costco-þingmenn**  
Efri deild viðskiptavina Costco fundaði um málflutning Þorsteins í Facebook-hópnum COSTCO – Gleði eftir að forsetinn Engilbert Arnar kallaði eftir umræðum og heldur hallaði þar á Alþingi þegar virðing þess var metin með hliðsjón af Costco. Einum þótti útgangurinn á þingi vel boðlegur þar sem hann hæfði trúðum á meðan annar hjó nokkuð nærri flokksbræðrum Þorsteins þegar hann bar fyrir sig 36 klukkustunda óminni. Þá virðast vera glufur í fatareglum á báðum stöðum þar sem einn kunninn upplýsti að honum hefði verið hleypt eins og flækingsi til fara inn í Costco. toti@frettabladid.is

## Látrabjarg nú friðlýst



Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra

Látrabjarg er eitt stærsta fuglabjarg Evrópu og flokkast sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Í berginu má sjá þverskurð af elstu jarðlögum Íslands og hvergi í heiminum er vitað um stærri álkubyggð en einmitt þar. Alkan er einmitt ein þeirra tegunda sem taldar eru þurfa sérstaka vernd og það sama á við um lundann sem einnig verpir í Látrabjargi. Báðar fuglategundirnar eru svokallaðar ábyrgðartegundir okkar Íslendinga, tegundir sem byggja afkomu sína á svæðum hér á landi.

Nú hefur Látrabjarg verið friðlýst. Hér með hefur sérstætt og fjölbreytt lífríki Látrabjargs því hlotið verðskuldaða vernd. Með friðlýsingunni er umsjón og eftirlit með þessu mikilvæga svæði eftt.

Látrabjarg er ekki bara viðkomustaður fugla heldur líka fjölmargra ferðalanga sem sækja svæðið heim og virða fyrir sér þennan tilkomumikla stað. Koma auga á lunda skriða úr holu, finna kitl í maga og svolitinn fiðring í hnjánum þegar horft er eftir björgunum sem teygja sig þverhnipt eins langt og augað eygir – og anda að sér sjávarlofti á vestasta tanga landsins.

Látrabjarg er þrettánda friðlýsingin í ráðherratíð minni en í upphafi kjörtímabilsins setti ég af stað átak í friðlýsingunni í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Átakið er unnið í samstarfi Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Land- og sumarhúsaeygndur á Hvallátrum við Látrabjarg eiga þakkið skildir fyrir framsýni en friðlýsingin hefur verið unnin í nánú samstarfi við þá. Þá hefur sveitarfélagið Vesturbjargið um árabíl talað fyrir því í sínu aðalskipulagi að svæðið verði friðlýst. Eru því einnig færðar þakki fyrir sína aðkomu að málinu.

Megi Látrabjarg, sem stendur voldugt og bratt í sjó fram, vera fastur viðkomustaður sjófugla og ferðalanga um alla tíð. Friðlýsingin tryggir vernd Látrabjargs til framtíðar og er stórt skref í náttúruvernd á Íslandi, sérstaklega þegar kemur að verndun sjófugla og lífríkis.



Megi Látrabjarg, sem stendur voldugt og bratt í sjó fram, vera fastur viðkomustaður sjófugla og ferðalanga um alla tíð.

**Manic Panic**  
hárlitir & aftlitunarefni  
sendum samdægurs

**Hokus Pokus**  
www.hokuspokus.is  
Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

# Heyrn fyrir alla



**Ingibjörg Hinriksdóttir**  
yfirlæknir  
Heyrnar- og tal-  
meinstöðvar  
Íslands

3. mars er Alþjóðadagur heyrnar, dagur sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin tileinkar heyrn. Í ár er dagurinn tileinkaður heyrnarheilsu fyrir alla. Þá mun fyrsta alþjóðlega skýrslan um heyrn verða birt, en tilgangur hennar er að hvetja stjórnvöld í hverju landi til að móta stefnu innan heilbrigðiskerfisins um heyrnarheilsu. Góð samskipti eru mikilvæg á öllum stigum ævinnar, þar getur heyrnarheilsa haft mikil áhrif.

Ymsar ástæður eru fyrir heyrnarskerðingu og sumar þeirra er hægt að fyrirbyggja með góðri heilbrigðisþjónustu og fræðslu. Í því samhengi má nefna bólusetningar fyrir sýkingum eins og hettusótt, mislingum, rauðum hundum og fleiru, fræðslu um skadsemi hávaða í umhverfi okkar, hávaðavarnir og hvernig ber að forðast heyrnarskemmandi hávaða. Aðrar ástæður heyrnarskerðingar er erfðara að fyrirbyggja og eru arfgengar heyrnarskerðingar stærsti hluti þeirra. Mikilvægt er að hafa heyrnarheilsu í huga allt lífshlaupið, við þurfum að kenna börnum okkar frá unga aldri hversu mikilvæg heyrnin er og hvernig á að passa upp á hana og vera meðvituð um ábyrgð okkar á eigin heyrnarheilsu.

Hávaði í umhverfi okkar er svo algengur að margir eru hættir að taka eftir honum og þeim áhrifum sem hann getur haft á líðan og heilsu. Hávaðinn getur leitt til hægt vaxandi heyrnarskerðingar sem einstaklingurinn verður ekki var við í fyrstu. Styrkur hljóðsins sem fer til eyrans hefur mest að segja um þær skemmdir sem geta orðið, en einnig sá tími sem dvalið er í of miklum hávaða. Næmni innra eyrans fyrir hávaða er mismikil á milli einstaklinga, og getur þannig leitt til að þeir tapi ekki jafnmikilli heyrn þrátt fyrir að dvelja jafnlengi í sama umhverfi. Heyrnartap af völdum hávaða getur komið fyrir á öllum aldri, því fylgir oft eyrnasúð sem mörgum reynist jafnvel erfðara að setta sig við en heyrnartapið og skerta talgreiningu. Heyrnartap af völdum hávaða er óafturkræft en við hávaða verður skemmd á hárfurum í kudungi innra eyrans og þær frumur endurnýja sig ekki.

Ennþá er ekki til aðferð til að lækna þennan skaða svo sem með lyfjum. Vonandi verður það hægt í framtíðinni en þangað til eru það fyrirbyggjandi aðgerðir sem gilda. Umhverfishávaði getur haft margvísleg áhrif á heilsu okkar og má þar nefna áhrif á svefn, erfðleika við að sofna, truflun á djúpsvefni og að hrökkva upp af svefni. Streituáhrif hávaða geta komið fram í aukningu streituhormóna í blóði, hækkingu blóðþrýstings, truflun á athygli og minnkaðri framsetningar- og einbeitingarhæfni. Það er því til mikils að vinna að draga úr hávaða í okkar daglega lífi.

Börn eru einnig útsett fyrir hávaða og þurfum við sem eldri erum að standa okkur betur í að huga að andlegri og líkamlegri heilsu barna sem dvelja í hávaða. Vaxtarskeiðið er viðkvæmur tími, heyrn er að þroskast og börnin skilja ekki alltaf þá hættu sem hávaði er. Þau hafa síður stjórn á umhverfi sínu og hegðun þeirra gerir þau oft meira útsett fyrir hávaða og afleiðingum hans. Börn eru í áhættuhópi vegna vanhæfni til að meta aðstæður og verja sig.

Margir hljóðgjafar eins og símar og önnur snjalltæki sem börn og

unglingar hlusta á geta gefið frá sér hljóðstyrk sem getur verið heyrnarskemmandi. Foreldrar og aðrir fullorðnir eru mikilvægir fyrirmyndir barna. Þú getur verið góð fyrirmynd fyrir heilbrigða heyrnarheilsu með því að leiðbeina barni hvernig á að umgangast hljóð og njóta til dæmis fuglasöngs og annarra hljóða í náttúrunni, tónlistar sem flutt er innan öruggs tónstyrks og ef styrkurinn er of mikill að nota heyrnarhlífir eða færa sig frá hljóðgjafanum. Upplýsum um hverjar afleiðingar það getur

haft fyrir heyrnina þegar dvalið er í of miklum hávaða. Heyrnarskerðing af völdum hávaða hjá börnum getur haft áhrif á málproska, námshæfni, kvíða og hegðun. Að vera útsettur fyrir miklum hávaða sem barn og unglingur getur síðar á ævinni leitt til heyrnarskerðingar, sem meðal annars getur átt þátt í minni félagslegum samskiptum, einangrun og andlegri færni.

Talið er að 50% þeirra sem hlusta á tónlist í gegnum heyrnartól noti hljóðstyrk sem getur verið heyrn-

arskemmandi. 5-10% hlustenda eru talin líkleg til að þróa með sér heyrnarskerðingu vegna hlustunar gegnum persónuleg heyrnartól.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og Alþjóða fjarskiptasambandið (ITU) sameinuðust árið 2019 um gerð staðals og leiðbeininga, WHO-ITU H.87, fyrir örugga hlustun frá persónulegum hljóðgjöfum (tækjum) með það að markmiði að koma í veg fyrir heyrnarskemmdir af völdum hávaða. Ráðlagt hámark er að fara ekki yfir

80 dB í 40 klst. á viku fyrir fullorðna og 75 dB í 40 klst. á viku fyrir börn. Til að fá upplýsingar um notkun þarf tækið að geta mælt á hvaða styrk og hversu lengi er hlustað á tækið, einnig er ráðlagt að foreldrar geti sett inn í tækið hámarksstyrk sem börnin mega hlusta á. Leiðbeiningarnar má finna á vef Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Verum samtaka um að minnka hljóðmengun í umhverfi okkar og stuðlum þannig að meiri lífsgæðum og betri heyrnarheilsu fyrir alla.

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

## DROTTNINGAR Í REKKJUNNI

20% AFSLÁTTUR

**LAYLA 160 CM HEILSURÚM**  
**20% AFSLÁTTUR**  
**VERÐ 179.880 KR**  
**VERÐ ÁÐUR 223.600 KR**

**Innifalið í verði.**  
Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.

**ALEXA 160 CM HEILSURÚM**  
**20% AFSLÁTTUR**  
**VERÐ 217.920 KR**  
**VERÐ ÁÐUR 272.400 KR**

**Innifalið í verði.**  
Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld, tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir kanntar, toppur sem gefur góða þyngdardreyfing, þrýstijöfnun og aðlögun.

WWW.REKKJAN.IS

## Bartomeu vildi ekki tjá sig

**FÓTBOLTI** Josep Maria Bartomeu, sem lét af störfum sem forseti spænska félagsins Barcelona í október síðastliðnum eftir áskanir um að hafa óhreinnt mjöl í pokahorninu, hefur verið látinn laus úr varðhaldi eftir að hafa verið handtekinn á mánuðaginn var, eftir að hafa dvalið eina nótt í fangelsi.

Bartomeu var í haldi í eina nótt en hann var færður til yfirheyrslu, ásamt fyrrverandi aðstoðarmanni sínum, Jaume Masferrer, Oscar Grau, framkvæmdastjóra Barcelona, og Roman Gomez Pont, yfir- lögræðingi félagsins.

Handtökurnar voru hluti af rannsókn lögreglu yfirvalda í Katalóníu á meintum spillingarmálum innan félagsins. Þá er meint samfélagsmiðla- herferð Bartomeu gegn núverandi og fyrrverandi leikmönnum liðsins einnig til rannsókna.

Fram kemur í spænskum fjölmiðlum að Bartomeu og Masferrer hafi ákveðið að nýta réttinn til þess að tjá sig ekki um sakarefni málsins þegar þeir voru yfirheyrðir af lögreglu. – **hó**

## Boris tilbúinn að hýsa fleiri leiki

**FÓTBOLTI** Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, hefur boðið Evrópska knattspyrnusambandinu (UEFA) að fleiri leikir á Evrópumótinu í knattspyrnu, sem til stendur að halda í 12 borgum í jafn mörgum löndum í Evrópu í sumar, fari fram á breskri grundu. Undanúrslitaleikir mótsins og úrslitaleikurinn munu fara fram á Wembley.

» Valið um keppnisstað HM 2030 stendur á milli landa í Asíu, Afríku, Evrópu og Suður-Ameríku.

Þá tilkynnti forsætisráðherrann enn fremur í gær til stæði að Bretland og Írland myndu sækja um að halda heimsmeistaramótið í knattspyrnu karla í sameiningu árið 2030. Boris Johnson segir að bresk stjórnvöld geri ráð fyrir 2,8 milljónum punda í verkefnið í nýjasta fjárlagafrumvarpi sínu.

England hélt heimsmeistaramótið í fyrsta og eina skiptið 1966, en þar varð liðið heimsmeistari í fyrsta og eina skiptið í sögunni. – **hó**

# Kristallar bágborna aðstöðu frjálsra íþróttanna í Reykjavík

Frjálsíþróttafólk er ekki sátt við þá stöðu sem upp er komin vegna alþjóðlegs rafíþróttamóts sem halda á í Laugardalshöllinni í maí næstkomandi. Búið er að leigja Höllina út í rúman mánuð og missir frjálsíþróttafólk á höfuðborgarsvæðinu því einu æfingaaðstöðu sína í rúman mánuð fyrir upphaf tímabils.

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Tilkynnt var fyrir í þessari viku að eitt stærsta rafíþróttamót heims, League of Legends Mid-Season Invitational, yrði haldið í Laugardalshöll í maí næstkomandi. Í framhaldi af því verður svo haldið alþjóðlegt mót í tölvuleiknum Valorant.

Allt í allt mun rafíþróttafólk vera hér með herbúðir sínar í rúman mánuð. Mótið fer fram í Laugardalshöll og er því búið að leigja alla þjóðarhöllina undir þetta verkefni í rúman mánuð.

Um fjögur hundruð manns koma til landsins í tengslum við mótið og mun þetta hafa áhrif á aðra íþróttastarfsemi sem fram fer alla jafna í Laugardalshöll. Þar á meðal eru frjálsar íþróttir, en aðstaðan í Laugardalshöll er eina innanhúsaðstaðan á höfuðborgarsvæðinu sem nothæf er fyrir frjálsíþróttafólk, eldra en 12-13 ára til æfinga á vorin.

Freyr Ólafsson, framkvæmdastjóri Frjálsíþróttasambands Íslands (FRÍ), segir að þetta muni vissulega hafa áhrif á frjálsíþróttafólk og að fundarhöld séu fram undan milli forsvarsmanna FRÍ og Íþrótt- og tómstundaráðs, ÍTR, um lausn á þessu tímabundna aðstöðuleysi frjálsíþróttafólks.

Freyr segir enn fremur að sú staða sem upp hefur komið sé skýrt merki um þann aðstöðuvanda sem frjálsíþróttafólk búi við og hversu mikil þörf sé á þjóðarleikvangi á höfuðborgarsvæðinu með betri aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir.

„Við gleðjumst að sjálfsögðu yfir því að rafíþróttir séu að ryðja sér til rúms hér á landi og við erum ekki fúlir yfir framgangi þeirra, síður en svo.

Það sem veldur okkur gremju er að börn, unglingar og afreksíþróttafólk í frjálsum íþróttum muni missa eina frjálsíþróttahúsið sem nothæft er til æfinga svo heitið geti á höfuðborgarsvæðinu á þeim tímamarki þegar stutt er í sumar- mótin hér heima og afreksfólkið er á leið á alþjóðleg mót þar sem það freistar þess að ná lágmarkum fyrir Ólympíuleikana sem fram fara í



Frá keppni í frjálsum íþróttum í Laugardalshöll en búið er að leigja höllina út í mánuð í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þessi staða kristallar hversu bágborin aðstaðan til frjálsíþróttaiðkunar er á höfuðborgarsvæðinu.

Freyr Ólafsson, framkvæmdastjóri FRÍ



Tókýó í ágúst næstkomandi,“ segir Freyr, um þann áreksstur sem verður vegna rafíþróttamótsins.

Laugardalshöllin verður lokuð vegna rafíþróttamótsins í fjórar til

sex vikur og sú tímallengd er eitt-hvað sem frjálsíþróttafólk í Reykjavík á erfitt með að sætta sig við.

„Eftir erfiðan vetur vegna kórónaveirufaraldursins þar sem frjálsíþróttafólk gat ekki æft við eðlilegar aðstæður í ár um það bil, þá er erfitt að kyngja þessu nú þegar hlutirnir voru að komast í eðlilegt horf á nýjan leik.

Þessi staða kristallar hversu bágborin aðstaðan til frjálsíþróttaiðkunar er á höfuðborgarsvæðinu og sýnir það svart á hvítu hversu rík þörf er fyrir byggingu þjóðarleikvangs með aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir. Þegar framkvæmdirnar á Laugardalsvellingnum voru í gangi síðasta sumar var Laugardalshöllin opnuð fyrir okkur sem sárabót en nú þurfum við að æfa annars staðar í rúman mánuð vegna þessa atburðar. Þetta er slæm staða sem

þarf að leysa úr til frambúðar,“ segir formaðurinn.

Ómar Einarsson, sviðsstjóri Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur (ÍTR), sagði að fundað yrði með forsvarsmönnum frjálsíþróttafélaganna í borginni í dag og þar yrði vonandi fundin farsæl lausn á þessum vanda. Frekari fregna væri að vænta eftir þann fund.

Líklegt þykir að frjálsíþróttafélögin þurfi að færa starfsemi sína tímabundið í Egilshöll, á svæði Breiðabliks eða í Kaplakrika, en það eru þau svæði á höfuðborgarsvæðinu sem búa best hvað frjálsíþróttaiðkun varðar. Freyr Ólafsson bendir hins vegar á að bæði í Egilshöll og hjá Blikum þurfi oftar en ekki að æfa á sama svæði og tíma og fótboltaæfingar standa yfir, sem gefi augaleið að sé fremur bagalegt. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

## Stefnan er að vera farinn að spila aðalliðsbolta á næstu árum

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Kolbeinn Birgir Finnsson er á sínu öðru ári hjá þýska félaginu Borussia Dortmund. Þar æfir hann og leikur með varaliði félagsins sem leikur í D-deildinni þar í landi. Kolbeinn Birgir segir það vera líkt því að æfa með félagliði að leika með varaliðinu og stefnan hjá liðinu sé að fara upp um deild á þessari leiktíð.

Það markmið gengur vel þar sem liðið trónir eins og sakir standa á toppi deildarinnar. Kolbeinn Birgir hefur leikið 15 leiki á tímabilinu og skorað í þeim leikjum tvö mörk. Strik hefur sett í reikninginn að hann missir af leikjum vegna landsliðsverkefna með U-21 árs landsliðinu og hefur það orðið til þess að hann missti sæti sitt í byrjunarliðinu. Kolbeinn er á leið á lokakeppni Evrópumótsins með U-21 árs landsliðinu í lok mars og

þá mun hann til að mynda missa af tveimur til þremur leikjum Dortmund-liðsins.

„Mér liður mjög vel hérna hjá Borussia Dortmund og ég tel mig klárlega hafa bætt mig sem fót-boltamann hérna. Hér er ég hugs- aður sem vængbakkvörður en hef líka spilað kantinn, ég kann vel við báðar stöður þó ég liti sjálfur frekar á mig sem kantmann. Við erum að æfa eins og félaglið bara og það er vel haldið utan um leikmenn liðsins og metnaður til þess að varaliðið standi sig vel og færi sig upp um deildir. Þá hafa leikmenn sem standa sig vel með varaliðinu fengið sénsinn með aðalliðinu,“ segir Kolbeinn um lífið í Dortmund.

Kolbeinn kom til Brentford haustið 2019 en hann var á mála hjá enska B-deildarfélaginu frá árinu 2018 og spilaði aðalliðsleik fyrir félagið. Þar áður var þessi uppaldi



Árbæingurinn Kolbeinn Birgir í leik með varaliði Dortmund.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fylkismaður hjá hollenska félaginu Groningen.

„Þó svo að ég sé sáttur hérna hjá Borussia Dortmund þá er ekkert launungarmál að ég stefni að því að spila aðalliðsbolta á næstu árum. Ég er sammingsbundinn Borussia Dortmund í rúmt ár til viðbótar en ég mun skoða þá kosti sem eru í boði ef einhverjir verða í sumar. Við sjáum bara til hvernig þetta þróast.

Það er ekkert stress á mér þar sem ég kann mjög vel við mig hérna hjá Dortmund og aðstaður til þess að bæta mig enn frekar eru klárlega til staðar. Það væri öðru- vísi ef ég myndi finna fyrir því að lítið væri lagt upp úr varaliðinu og framþróun minni sem leikmanns og engin stefna væri hjá liðinu. Svo er hins vegar klárlega ekki hjá Borussia Dortmund,“ segir hann um framhaldið. – **hó**

# HEILSA

MIDVIKUDAGUR 3. MARS 2021

## Heilsa



Julia Charlotte de Rossi hefur vakið mikla athygli í Milanó fyrir að opna umræðuna um heimilisofbeldi og ofbeldi gegn konum. MYNDIR/ADSENDAR

# Opnar umræðu um ofbeldi í þöglu landi

Julia Charlotte de Rossi er háfíslensk fyrirsæta og fjölmiðlafræðingur. Hún er búsett í Milanó á Ítalíu. Hún varð fyrir hrottafenginni árás af hendi kærasta fyrir tveimur árum. Julia kærði árásina og hefur það vakið mikla athygli. ➔2

Íslensk hráefni  
fyrir þína liðaheilsu



**EYLIF**

Heilsan er dýrmætust  
[www.eylif.is](http://www.eylif.is)

## Framhald af forsiðu →

Elin  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Á Ítalíu hefur ekki verið mikið rætt um heimilisofbeldi eða annars konar ofbeldi gegn konum. Þær hafa ekki þorað að stíga fram til að segja frá, enda hafa slík mál ekki átt greiða leið í gegnum réttarkerfið. Julia Charlotte var hins vegar strax ákveðin í að kæra manninn og segja frá árásinni. Eitt stærsta dagblaðið í Milanó, la Repubblica, birti á dögnum viðtal við Julíu og tvær aðrar konur sem kærðu sama árársamann í kjölfar umræðu Julíu. Sú umfjöllun hefur orðið til þess að ítölsk sjónvarpsstöð hefur boðið Julíu í viðtal í þætti þar sem rætt verður um ofbeldi gegn konum. Julia segir það ákveðinn sigur að geta opnað fyrir þessa umræðu.

## Heillandi og vel metinn

„Hann var ofbeldismaður sem faldi sig á bak við heillandi útlit og vissi að stelpur kjafta ekki frá. Ég var fyrst of hrædd til að segja frá, fór til Íslands í heimsókn til móður minnar til að komast í burtu,“ segir Julia, en móðir hennar er Elsa Waage óperusöngkona sem lengi var búsett á Ítalíu þar sem hún giftist föður Julíu. Hann lést þegar Julia var þrettán ára en þá flutti Elsa heim. Julia vildi ganga menntaveginna á Ítalíu og hefur nær alla sína ævi búið þar í landi.

Julia segir að það hafi ekki verið hægt að sjá það á kærastanum að hann væri ofbeldismaður. „Hann kom mjög vel fyrir, átti mjög góða fjölskyldu sem var í miklum metum og vel efnuð. Maður getur ekki séð utan á mönnum hvort þeir séu ofbeldishneigðir. Við sátum heima eitt kvöldið að horfa á bíómynd í sjónvarpinu og vorum að fagna því að ég hafði náð loka-prófi þegar hann brjálaðist, henti sjónvarpinu um koll, tölvan mín fauk í átt að glugganum og síminn sömuleiðis. Þá réðst hann á mig, barði mig auk þess að slá höfðinu í vegg þannig að ég missti meðvitund. Hann braut allt og bramlaði á heimili mínu, en við vorum ekki

Ég kærði árasina og hann var dæmdur í tveggja og hálf árs fangelsi. Hann þurfti þó ekki að sitja nema hluta af því í fangelsi og er núna með ökklaband heima.

farin að búa saman. Það var síðan nágrenni sem fann mig mikið slasaða fyrir utan húsið og kallaði á lögreglu og sjúkrabíl. Ég veit ekki enn hver það var sem fann mig þarna,“ segir hún.

## Í ökklabandi

„Ég kærði árasina og hann var dæmdur í tveggja og hálf árs fangelsi. Hann þurfti þó ekki að sitja nema hluta af því í fangelsi og er núna með ökklaband heima. Þegar ég kom til Íslands eftir árasina hringdi kona í mig sem hafði heyrt um kæruna og sagði mér að þessi maður hefði beitt sig ofbeldi líka. Ég benti henni á lögfræðinginn minn sem tók hennar mál einnig. Síðan bættist ein önnur kona við sem hafði sömu sögu að segja. Eftir að viðtalið birtist við okkur í la Repubblica hafa tvær í viðbót stigið fram. Við erum því orðin nokkuð mörg fórnarlömb þessa manns og fleiri kærur á hann eru í farvatninu. Það hjálpar mjög mikið fyrir hraða í dómkerfinu að við erum þetta margar,“ segir Julia, sem hefur ekki fengið greiddar þær bætur sem honum var gert að greiða. „Það er annað mál sem er að fara í gang,“ segir hún.

## Umræða í stóru leikhúsi

Julia var fengin til þess að koma fram í stóru leikhúsi í Róm í september þar sem sett var á svið leikverk þar sem sjö konur frá mismunandi löndum komu fram og ræddu um heimilisofbeldi. Á eftir var flutt verkið The Rape of Lucrece eftir Shakespeare. „Shakespeare skrifaði verkið þegar hann var sjálfur í sóttkví en það er byggt á sögu konu sem var nauðgað og sagði frá því. Það var mjög góð reynsla fyrir mig að taka þátt í þessu verki og gerði mér



Hér er Julia í auglýsingu fyrir Coca-Cola í Milanó. Hún hefur starfað lengi sem fyrirsæta og fær mörg góð verkefni.



Julia Charlotte er hálfislenk fyrirsæta og fjölmiðlafræðingur og stendur fast á sínum málum þegar á móti blæs.

Ég þurfti að fara í smá aðgerð og það var tekin blóðprufa sem leiddi í ljós að ég hafði fengið veiruna án þess að fá nokkur einkenni. Flestallir vina minna hafa fengið COVID.

„MeToo-umræðan sem var logandi um allan heim náði aldrei almennilega til Ítalíu. Hún byrjaði aðeins í lok síðasta árs, en með viðtali eins og þessu í la Repubblica opnað meira á þessa umræðu sem er mjög mikilvægt. Umræðan má vera svo miklu meiri og sterkari á Ítalíu. Nýlega kom upp nauðgunarmál þar sem ríkur og frægur einstaklingur var gerandi. Athyglin og umræðan um það mál hefði aldrei orðið svona mikil fyrir tveimur árum. Lögum var breytt í lok árs 2019 sem gerir konum frekar kleift að kæra ofbeldi, en á því ári voru 111 konur drepnar á heimilum sínum,“ segir Julia.

## COVID gerði allt erfiðara

Julia segist koma í heimsókn til Íslands á hverju ári en rætur hennar liggja þó á Ítalíu. Hún starfar sem fyrirsæta en vinnur þar að auki á auglýsingastofu. COVID hefur breytt miklu í ítölsku samfélagi, sérstaklega í norðurhlutanum þar sem faraldurinn breiddist hratt út í upphafi bylgjunnar. Julia fékk COVID-19 án þess að verða vör við það. „Ég þurfti að fara í smá aðgerð og það var tekin blóðprufa sem leiddi í ljós að ég hafði fengið veiruna án þess að fá nokkur einkenni. Flestallir vina minna hafa fengið COVID. Við vorum lengi með allt lokað en nú er smátt og smátt verið að opna aftur. Við megum þó ekki fara út fyrir borgarmörk. Þetta er búið að vera mjög erfitt síðasta ár fyrir alla og það er rétt verið að byrja að bólusetja elsta fólkið og heilbrigðisstarfsmenn. Ísland er langt á undan Ítölum,“ segir Julia, sem ætlar að halda áfram að ræða opinberlega um ofbeldi gegn konum. „Ef ég get hjálpað eitthvað við að opna umræðuna þá geri ég það. Ég gæti meira að segja hugsað mér að stofna stuðningshóp,“ segir hún.



Julia á sviði í Róm í verki eftir sjálfan Shakespeare, The Rape of Lucrece.

gott. Í framhaldinu langar mig að leika meira og hef farið í nokkrar prufur,“ segir hún.

Allt þetta hefur vakið athygli á máli hennar og orðið til þess að fleiri konur stíga fram og segja frá ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir. „Mér fannst mjög mikilvægt að kæra málið því annars hefðu miklu fleiri konur getað

orðið fyrir ofbeldi af hans hendi. Hann var mikill sjarmur og það var ekki nokkur leið að sjá hvern mann hann hafði að geyma. Ég er mjög ánægð með að viðtalið vakti athygli og kom í veg fyrir að fleiri konur lenti í þessum manni, en hann var nafngreindur í blaðinu,“ upplýsir Julia, en hún var ekki nafngreind.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **Ábyrgðarmaður:** Björn Vígundsson

Sölumenn: **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann**, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umsjónarmenn efnis: **Elin Albertsdóttir**, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5768 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir**, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

## Dalakofinn er 45 ára

Af því tilefni er **25% afsláttur** miðvikudag-föstudags

Heiðar Jónsson snyrtir verður með okkur **miðvikudaginn 3. mars kl. 14.30-16.30**

Gaman væri að sjá sem flesta.

**Dalakofinn**  
Linnetsstíg 2  
Hafnarfirði  
Sími 555 4295

Við erum á facebook

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 3. mars 2021

9. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

 ROLEX	 TUDOR		Upplifðu faglega og persónulega þjónustu
 TAGHeuer	 LONGINES		
 NOMOS GLASHÜTTE	 TISSOT		
			MICHELSEN 1909
			Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

## CVC skoðar sölu í Alvogen

Fjárfestingarfélagið CVC á í viðræðum um sölu á liðlega helmingshlut sínum í lyfjafyrirtækinu. Leiddi hóp fjárfesta sem keyptu ráðandi hlut 2015.

2

## Verði ekki í höndum of fárra

Framkvæmdastjóri Frjálsa segir óráðlegt að erlendu eignasafni lífeyrissjóða sé stýrt af of fáum þótt svigrúm sé til aukins samstarfs.

4

## Þurfum frekari aðgerðir

Niðursveifla íslenska hagkerfisins er oft dýpri en hjá öðrum ríkjum, en við förum líka hraðar upp, segir formaður Samtaka iðnaðarins.

8

## Kröfuhafar oft hlunnfarnir

Þótt lagaramminn sé skýr komast stjórnendur gjaldþrota félaga upp með að hlunnfara kröfuhafa í allt of miklum mæli, að sögn hæstaréttarlögmanns.

9

## Hyggja á 24 milljarða fjármögnun

Vægi útflutningstekna á sviði hugvits og tækni hækkað úr 7 prósentum í 15 prósent á undanförunum árum. Starfsmönnum fjölgaði um 14 prósent 2020.

9



## Óvíst með eftirspurn

Um 600 íbúðir sem flokkast sem sér-tæk úrræði gætu komið inn á markaðinn í ár. Óvíst með eftirspurn til skamms tíma í ljósi vaxtalækkana og tilfærslu af leigumarkaðinum. ➔6

Það er ekki sama ástand og var árið 2017 þegar það var ekki húsnæði að finna fyrir fólk á leigumarkaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



\*GUCCI

## Nýtt - sólgleraugu 2021

www.opticalstudio.is



MARS TILBOÐ  
12.900 KR.  
(FULLT VERÐ: 18.880 KR.)

## TAPAS PLATTI 32 STK.

- Kolkrabbi með trufflu-kartöflumús og lime-pistasíu vinaigrette í boxi
- Marineraðar lambalundir með lakkríssósu í boxi
- Djúpstektur humar í orly með aioli í boxi
- Beikonvafin hörpuskel og döðlur á spjótí með sætri chilli-sósu
- Nautaspjót með piparrótarsósu
- Kjúklingaspjót með alioli
- Tapassnitta með andabringu, aioli og mandarínu
- Tapassnitta með serrano hráskinku, piparrótarsósu og melónu



Í veislupjónustu okkar finnur þú frábært úrval veitinga. Veislutilboð, sælker- og lúxusveislur fyrir sérstök tilefni og svo getur þú líka valið þína uppáhaldsrétti og hannað þína eigin veislu.

Skoðuðu úrvalið á [tapas.is](https://tapas.is)  
Pantanir í síma 551-2344  
og á [tapas@tapas.is](mailto:tapas@tapas.is)



# Stærsti hluthafinn vill selja allt í Alvogen

Fjárfestingarfélagið CVC í viðræðum um sölu á um helmingshlut sínum í lyfja-fyrirtækinu. Leiddi hóp fjárfesta sem keyptu ráðandi hlut í Alvogen 2015 fyrir 2 milljarða dala. Systurfyrirtækið Alvotech leitar fjármagns fyrir skráningu.

**S**tærsti hluthafi Alvogen, alþjóðlega fjárfestingarfélagið CVC Capital Partners, vinnur nú að sölu á öllum hlut sínum í lyfja-fyrirtækinu. Samkvæmt heimildum Markaðarins eru viðræður um sölu langt komnar en CVC kom fyrst inn í hluthafahóp Alvogen árið 2015, þegar sjóðurinn, ásamt Temasek, leiddi hóp fjárfesta sem keypti samanlagt um 69 prósent hlut í fyrirtækinu.

Ekki fást staðfestar upplýsingar um væntanlegan kaupanda að hlut CVC, sem á liðlega helming í Alvogen, en að sögn þeirra sem þekkja vel til standa yfir viðræður við alþjóðlegan fjárfestingasjóð. Róbert Wessman, forstjóri og stofnandi Alvogen, er á meðal stærstu hluthafa lyfjafyrirtækisins í gegnum fjárfestingarfélagið Aztiq Pharma sem á um 30 prósent hlut. Samtals starfa um 2.800 manns hjá Alvogen á heimsvísu en þar af eru um 200 á Íslandi.

Ólíklegt þykir að CVC muni takast að selja hlut sinn á hærra verði en þegar sjóðurinn fjárfesti í félaginu fyrir hartnær sex árum en í þeim viðskiptum var heildarvirði Alvogen metið á um tvo milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 250 milljarða króna á núverandi gengi, og hlutfæði á 1,1 milljarð dala.

Hreinar skuldir Alvogen nema í dag um 1,2 milljörðum dala – skuldsetningarlutfallið er tæplega sex sinnum EBITDA-hagnaður félagsins – og hafa þær tvöfaldast frá því að CVC kom fyrst inn í hluthafahópinn. Talsverðir erfiðleikar hafa einkennt reksturinn í Bandaríkjunum að undanförunu, sem stendur undir miklum meirihluta tekna Alvogen, en það stafar meðal annars af því að lengri tíma hefur tekið að fá samþykki fyrir helstu lyf, einkum Revlimid, sem félagið áformar að setja á markað vestanhafs.

Í síðustu viku breytti lánshæfismatsfyrirtækið Moody's horfum Alvogen í Bandaríkjunum úr stöð-



Róbert Wessman er forstjóri og stofnandi Alvogen. MYND/ADSEND

**60** milljarðar króna námu tekjur Alvogen í Bandaríkjunum á síðasta fjárhagstímabili.

ugum í neikvæðar og vísaði til þess að endurfjármögnunaráhætta félagsins hefði aukist og því væri ólíklegt að markmið þess um að ná skuldum undir fimmfaldrí EBITDA á þessu ári muni nást. Árlegar afborganir og vaxtagreiðslur af lánnum eru sagðar nema yfir 150 milljónum dala en félagið átti um 113 milljónir dala í reiðufé á síðasta fjárhagstímabili sem lauk í september. Tekjur Alvogen námu þá 484 milljónum dala.

Í ársbyrjun 2020 var gengið frá sölu á starfsemi Alvogen í Mið- og Austur-Evrópu til Zentiva Group fyrir um 750 milljónir dala.

Á undanförunum misserum og árum hafa Alvogen og hluthafar þess verið mikilvægir bakhjarlar við fjármögnun á miklum vexti systurfélagsins Alvotech. Líftækniyrir-

tækið, sem réðst nýlega í stækkun á hátækniþerí sínu í Vatnsmýrinni þar sem starfa um 500 manns, kláraði 65 milljóna dala hlutfjárfæringu síðastliðið haust en auk Alvogen – sem lagði til stóran hluta fjármagnsins – komu að henni fjárfestar úr lyfjageiranum í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu.

Alvotech vinnur nú að því að ljúka frekari hlutfjárfjármögnun, upp á liðlega 30 milljónir dala, til að styðja við reksturinn fram að hlutfjárútbóði og skráningu á markað í Hong Kong síðar á árinu. Markaðsvirði Alvotech er í dag talið vera um 1,5 milljarðar dala. Í ágúst í fyrra var tilkynnt um að Alvotech og alþjóðlegi lyfjarisinn Teva Pharmaceuticals hefðu gert með sér samstarfs-samning um þróun, framleiðslu og markaðssetningu fimm líftækniyfja í Bandaríkjunum. Mun samningurinn tryggja Alvotech tekjur upp á hundruð milljarða á næstu árum.

Alvotech er í meirihlutaeigu Aztiq Pharma, undir forystu Róberts, og þá er Alvogen, systurfélag Alvotech, stór hluthafi en aðrir eigendur eru meðal annars fjárfestingasjóðurinn Yas Holding og japanska lyfjafyrirtækið Fuji Pharma. [hordur@frettabladid.is](mailto:hordur@frettabladid.is)

## Brunnur með 8,3 milljarða vísissjóð

**B**runnur Ventures hefur lokið fjármögnun á 8,3 milljarða vísissjóði (e. venture capital fund) sem ber nafnið Brunnur vaxtar-sjóður II. Sjóðurinn er fjármagnaður af tíu lífeyrissjóðum og Landsbankanum. Þetta staðfestir Árni Blöndal, stjórnarformaður Brunnur Ventures, í samtali við Markaðinn. Landsbréf verða rekstraradili sjóðsins.

Fyrir sex árum ytti Brunnur Ventures úr vör fjögurra milljarða sjóði, sem nú er fullfjárfestur. Hann fjárfesti meðal annars í Oculus, DT Equipment, Grid, Laka Power og Avo Software.

„Það er gleðiefni að nýsköpunar-umhverfið heldur áfram að þroskast, vaxa og dafna. Má þar nefna betra fjármögnunarahverfi, reynslumeiri frumkvöðla og fyrirmyndir auk bætts samstarfs og tenginga við alþjóðlega aðila. Útlit er fyrir að næstu ár gefi góð fyrirheit um fleiri fjárfestingatækifæri í nýsköpun sem hafi meiri líkur á árangri en áður,“ segir Árni.

**Það er þörf á nýjum vísissjóði núna.**

Árni Blöndal, stjórnarformaður Brunnur Ventures

Hann segir að fjárfest verði að lágmarki í tólf sprotafyrirtækjum en væntir þess að tuttugu félög verði í eignasafninu. Horft sé til þess að fjárfesta í fyrirtækjum sem geti vaxið hratt og séu með samkeppnisforskot í formi þekkingar, viðskiptaleyndarmáls eða einkaleyfis. Fjárfest verði fyrir 150-350 milljónir í hverju félagi.

„Það er þörf á nýjum vísissjóði núna,“ segir Árni. Fram kom í samantekt Northstack, sem Markaðurinn greindi frá í febrúar, að lítið hefði verið fjárfest í nýjum sprotum á árinu 2020. Árni segir að af fjórum vísissjóðum hérlendis hafi einungis einn haft laust fé til að fjárfesta í nýjum tækifærum. „Það er mikilvægt að það sé samfella í fjármögnun sprota. Það

styður við nýsköpunarumhverfið.“

Brunnur Ventures var stofnað af Árna og Sigurði Arnljótssyni. Árni var meðstofnandi og framkvæmdastjóri hjá netauglýsingafyrirtækinu BePaid.com um aldamótin. Hann stýrði vísissjóðnum Uppsprettu í fimm ár og hefur starfað við fjárfestingar vaxtarfyrirtækja síðan. Sigurður tók meðal annars þátt í að stofna leikjafyrirtækið CCP og var forstjóri fyrirtækisins fyrstu árin. Sigurður hefur komið að uppbyggingu fjölda vaxtarfyrirtækja.

Samhliða því að koma á fót Brunnur vaxtar-sjóði II hafa tveir fjárfestingastjórar bæst í hópinn; Kjartan Örn Ólafsson sem er reyndur frumkvöðull og englafjárfestir. Hann starfaði um árabíl sem framkvæmdastjóri á viðskiptaþróunarsviði fjölmiðlafyrirtækisins Bertelsmann í New York, og Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir, sem starfaði síðustu sex ár hjá Carbon Recycling International og var aðstoðarforstjóri þess. – hvj

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang [ritstjorn@markadurinn.is](mailto:ritstjorn@markadurinn.is) | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson [hordur@frettabladid.is](mailto:hordur@frettabladid.is)

Netfang auglýsingaedeildar [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) Veffang [frettabladid.is](http://frettabladid.is)



# GEFÐU STARFSFÓLKINU DAGAMUN



Þótt árshátíðir og ýmis annar gleðskapur hafi fallið niður hjá fyrirtækjum og stofnunum er auðvelt að gefa starfsfólkinu glaðning og gera því glaðan dag. Við útbúum óskaskrín sérmerkt þínu fyrirtæki og með kveðju til starfsfólksins. Hafðu samband í síma 577 5600 eða [info@oskaskrin.is](mailto:info@oskaskrin.is).

## FJALLKONAN

KRÁ &amp; KRÆSINGAR

SALATTÍMI  
Í MARS

Þrjár tegundir af ljúffengu salati  
í hádeginu mánudaga–föstudaga

Kjúklingasalat  
Tigrisrækjusalat  
Confit kalkúnasalat

Hummusturn fylgir með!

> 1.900 kr.

EITT SALAT + HUMMUSTURN



FJALLKONAN FAGNAR PÉR!



Formaður Lífsverks segir að spara megi fé með sameiginlegum fjárfestingum erlendis. FRÉTTABLAÐID/EPA

# Áhættudreifing fólgin í að fleiri stýri eignum

Framkvæmdastjóri Frjálsa segir óráðlegt að erlendu eignasafni lífeyrissjóða sé stýrt af of fáum þótt svigrúm sé til aukins samstarfs. Stjórnarformaður Lífsverks hvatti lífeyrissjóði til aukins samstarfs um erlendar fjárfestingar.

Helgi Vífill  
Júliusson  
helgivi@frettabladid.is



Færa má rök fyrir því að óskynsamlegt sé út frá áhættudreifingarsjónarmiði að stýring erlendra fjárfestinga sjóðanna sé í höndum of fárra aðila. „Ég tel óráðlegt að erlent eignasafn lífeyrissjóðanna í heild endurspegli skoðun of fárra eignastýringaraðila, enda miklir hagsmunir í húfi fyrir þjóðarbúið. Samt sem áður tel ég vera svigrúm fyrir aukið samstarf við eignastýringu lífeyrissjóðanna til að ná niður kostnaði og byggja upp meiri sérþekkingu,“ segir Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins.

Björn Ágúst Björnsson, stjórnarformaður Lífsverks, skrifaði grein í Markaðinn fyrir viku þar sem hann hvatti lífeyrissjóði landsins til að koma á fót sameiginlegri skrifstofu sem myndi annast eignastýringu erlendis. Með þeim hætti væri kostnaður við erlenda eignastýringu fastur, en ekki sem hlutfall af eignum. Hann vísar til þess að þetta fyrirkomulag hafi reynst norska olíusjóðnum vel.

Björn Ágúst telur að með því megi spara mikla fjármuni, sérstaklega í ljósi þess að áhættulausir vextir eru við eða undir núll en meðalhlutfall umsýslukostnaðar íslenskra lífeyrissjóða virðist vera nálægt 0,7 prósentum af erlendum eignum á ári. Enn fremur muni umfang erlendra eigna lífeyrissjóða fara vaxandi á komandi árum.

Samt sem áður tel ég vera svigrúm fyrir aukið samstarf við eignastýringu lífeyrissjóðanna til að ná niður kostnaði og byggja upp meiri sérþekkingu.

Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins



Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, segir að umsýsluþóknun erlendra sjóða sé misjöfn eftir eignaflokkum og ólík á milli sjóða. Hún geti verið lægri en 0,7 prósent. „Hugsanlega mætti spara fjármuni með þessu fyrirkomulagi sem er gott fyrir sjóðfélaga. Á móti vegur að mögulega verða erlendar eignir sjóðanna meira einsleitar sem er ekki heppilegt. Svo er mikilvægt að hafa í huga að samstarf lífeyrissjóða á sviði eignastýringar stangast á við þá meginreglu í samkeppnisrétti að keppinautar á markaði eiga að vera sjálfstæðir. En allar hugmyndir á að nálgast á jákvæðan máta,“ segir hann.

Arnaldur er hlynntur því að lífeyrissjóðir útvisti eignastýringu til öflugra eignastýringarféлага sem hafa getu til að byggja upp sérþekkingu í stýringu á ákveðnum eignaflokkum, á greiningu fjárfest-

ingarkosta og aðferðum ábygrga fjárfestinga. „Nú þegar er vísur að svona samstarfi. Frjálsi lífeyrissjóðurinn ásamt þremur öðrum lífeyrissjóðum útvistar eignastýringu til Arion banka, þar með talið eignastýringu á erlendum fjárfestingum. Landsbankinn sinnir eignastýringu fyrir tvo aðra lífeyrissjóði og Festa lífeyrissjóður og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja eiga sameiginlega eignastýringarfélagið Jökla Verðbréf sem sinnir eignastýringu fyrir þessa tvo lífeyrissjóði. Með slíku samstarfi er hægt að ná stærðarhagkvæmni og ná þannig niður kostnaði til dæmis við greiningu fjárfestingarkosta og á umsýsluþóknunum vegna fjárfestinga í sjóðum hjá erlendum sjóðastýringarfyrirtækjum,“ segir hann.

Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs, segir sjálfsgætt að skoða möguleika á samstarfi við eignastýringu. „Þess má þó geta að norski olíusjóðurinn er ekki lífeyrissjóður. Hann er fjárfestingarsjóður norska ríkisins og sem slíkur einn sá stærsti í heimi. Eignir hans nema tæplega 34-földum heildareignum íslenskra lífeyrissjóða. Á því byggist hagkvæmni hans fyrst og fremst. Sjóðurinn er með samning við Norges bank um eignastýringu. Hún fer fram bæði í Noregi en einnig í útibúum Norges bank víða um heim. Kostnaður við eignastýringu sjóðsins er ekki fastur. Í skýringum við ársreikning hans kemur fram að um 38 prósent kostnaðar eru umsýslugjöld til ytri eignastýringaraðila og árangurstengdar þóknarir, það er annarra en Norges bank.“

## Umfram eigið fé 131 milljarður króna

Umfram eigið fé stóru viðskiptabankanna nemur samtals 131 milljarði króna. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í greiningu markaðsviðskipta Landsbankans sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Samkvæmt greiningunni nemur umfram eigið fé Landsbankans um 58 milljörðum króna miðað við markmið bankans um að hlutfall almenns eigin fjár (CET1) fari lægst niður í um 18 prósent. Það nemur um ríflega 23,2 prósentum í dag.

Sama greining á Íslandsbanka sýnir umfram eigið fé upp á 33 milljarða króna en miðað er við að hlutfall almenns eigin fjár lækki úr 20,1

» Landsbankinn er með mesta umfram eigið féð, alls 58 milljarða.

prósentu niður í 16,6 prósent.

Þá er umfram eigið fé Arion banka, eins og áður hefur komið fram, um 40 milljarðar króna miðað við markmið bankans um að koma eiginfjárlutfallinu úr 22,3 prósentum niður í 17 prósent.

Í umfjöllun Markaðarins í síðustu viku kom fram að eiginfjárlutföll íslensku bankanna, þegar allt er tekið með í reikninginn, væru töluvert hærri en hlutföll stærstu norrænu bankanna. Gildir þá einu

hvort horft er til eiginfjárlutfalls, sem er reiknað sem hlutfall eigin fjár af eignum á áhættugrunni, eða vogunarhlutfalls, sem reiknast sem eigið fé banka sem hlutfall af heildareignum.

Þannig eru eiginfjárlutföll íslensku bankanna á bilinu 23 til 27 prósent samanborið við 21 til 25 prósent hjá stóru norrænu bönkunum. Ef vogunarhlutfallið er tekið sérstaklega fyrir standa íslensku bankarnir öðrum norrænum bönkum frammar. Hjá íslensku bönkunum er það á bilinu 13,6 til 15,4 prósent en stærstu norrænu bankarnir, svo sem Swedbank og Nordea, eru á bilinu 5,1 til 7,1 prósent. – þfh



**IÐNÞING 2021**

# Hlaupum hraðar

- slítum fjötrana og sækjum tækifærin

**Landsmönnum öllum er boðið á Iðnþing 2021 í beinni útsendingu fimmtudaginn 4. mars kl. 13.00–15.00.**

Á Iðnþingi 2021 verður kastljósinu beint að þeim fjötrum sem slíta þarf með markvissum hætti á næstu 12 mánuðum til að fyrirtæki geti skapað ný, eftirsótt störf og aukin verðmæti. Sækja þarf tækifærin með frekari umbótum og markaðssókn til að skapa auknar gjaldeyristekjur. Með því að slíta fjötrana getum við hlaupið hraðar.



▶ **Árni Sigurjónsson**  
formaður SI



▶ **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**  
iðnaðar- og nýsköpunarráðherra



▶ **Jónína Guðmundsdóttir**  
forstjóri Coripharma



▶ **Orri Hauksson**  
forstjóri Símans



▶ **Tor Arne Berg**  
forstjóri Fjarðaáls



▶ **Fundarstjóri**  
Logi Bergmann



▶ **Ásdís Helga Ágústsdóttir**  
arkitekt hjá Yrki



▶ **Friðrik Á. Ólafsson**  
viðskiptastjóri á mannvirkjasviði SI



▶ **Hjörtur Sigurðsson**  
framkvæmdastjóri VSB



▶ **Sigrún Melax**  
gæðastjóri JÁVERK



▶ **Svanur Karl Grjetarsson**  
framkvæmdastjóri Mótx



▶ **Fida Abu Libdeh**  
forstjóri GeoSilica



▶ **Eyjólfur Magnús Kristinsson**  
forstjóri atNorth



▶ **Lilja Ósk Snorradóttir**  
framkvæmdastjóri Pegasus



▶ **Hilmar Veigar Pétursson**  
forstjóri CCP



▶ **Sigurður Hannesson**  
framkvæmdastjóri SI

Skráning á [si.is](https://si.is)



# Félagsleg úrræði lita leigumarkaðinn

Samkvæmt talningu koma 600 íbúðir sem flokkast sem sértæk úrræði inn á markaðinn í ár. Um þriðjungur af væntu framboði húsnæðis á árinu. Óvíst með eftirspurn til skamms tíma í ljósi vaxtalækkana og tilfærslu fólks af leigumarkaði.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson  
tfh@frettabladid.is



**A**tla má að um 600 íbúðir sem teljast til sértækra úrræða á húsnæðismarkaði komi inn á markaðinn í ár en það er riflega þriðjungur af framboðinu sem vænta má á þessu ári. Þetta kemur fram í talningu sem GAMMA framkvæmdi síðasta sumar.

Með sértækum úrræðum er átt við félagslegar íbúðir, stúdentaíbúðir, íbúðir á vegum leigufélagsins Bjargs og íbúðir undir átaksverkefni Reykjavíkurborgar um hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk. Um 63 prósent af íbúðum sem framkvæmdir hafa hafist við í Reykjavík á þeim 12 mánuðum sem liðu á undan talningunni teljast til sértækra úrræða.

„Ef rétt reynist koma tölurnar ekki á óvart,“ segir Una Jónsdóttir, sérfræðingur í hagfræðideild Landsbankans, í samtali við Markaðinn. Hún vísar til þess að í síðustu tveimur kjarasamningalotum var samið við ríkið og sveitarfélög um veitingu stofnframlaga til uppbyggingar á húsnæði fyrir fólk undir ákveðnum tekjumörkum.

Samkvæmt talningu GAMMA frá síðasta sumri má vænta þess að 1.732 íbúðir komi inn á markaðinn á þessu ári og þar af 601 íbúð sem telst til sértækra úrræða. Veruleg fækkun verður næstu tvö árin á eftir. Þannig er gert ráð fyrir 730 íbúðum árið 2021, þar af 138 sem teljast til sértækra úrræða, og árið 2022 koma 102 íbúðir á markaðinn sem allar eru almennar íbúðir.

„Aðgerðir stjórnvalda til aðstoðar fyrstu kaupendum, ásamt vaxtalækkunum, hafa auðveldað mörgum kaup á íbúð og því óvíst hve mikil eftirspurn er og verður eftir leiguhúsnæði þegar gripid hefur verið til aðgerða af þessu tagi,“ segir Una og vísar þá meðal annars til hlutdeildarlána stjórnvalda.


Una bendir á að spennan á markaðinum gæti aukist á ný þegar ferðamenn streyma aftur til landsins. „Þá verður mikilvægt að hafa valkost fyrir tekjulægri hópa sem kjósa að vera á leigumarkaði.“

Mikill stærðarmunur er á almennum íbúðum annars vegar og þeim sem falla undir sértæk úrræði hins vegar. Almennar íbúðir í byggingu eru að meðaltali 108 fermetrar



Greina má tilfærslu í öllum eldri aldurshópum af leigumarkaði yfir í eigið húsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fjöldi íbúða í byggingu eftir sveitarfélögum



**Aðgerðir stjórnvalda [...] ásamt vaxtalækkunum hafa auðveldað mörgum kaup á íbúð og því óvíst hve mikil eftirspurn er og verður eftir leiguhúsnæði.**

Una Jónsdóttir, sérfræðingur í hagfræðideild Landsbankans



að stærð en meðaltalið í síðarnefnda flokknum er um 56 fermetrar.

Eitt af því sem fellur undir sértæk úrræði er Hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendum en það er verkefni sem Reykjavíkurborg hleypti af stokkunum. Borgin setur skordur við því að íbúðir hækki í verði umfram vísitölu. Uppbygging 45 íbúða í Gufunesi á vegum Þorps vistfélags er á meðal þess sem fellur undir þennan flokk.

## Róleg verðþróun leigu

Una nefnir að árin á undan COVID hafi staðan á leigumarkaði verið þannig að eftirspurn var ef til vill meiri en framboð. „Þegar ferðamennirnir hættu að koma rötudu líklega fjölmargar íbúðir sem höfðu áður verið nýttar til útleigu á Airbnb inn á almenna leigumarkaðinn. Það gæti verið ástæðan fyrir því að við sjáum mjög rólega verðþróun á leigumarkaði á síðustu mánuðum,“ segir Una.

Arnar Gauti Reynisson, framkvæmdastjóri Heimstaden á Íslandi, áður Heimavellir, talar á sömu nótum. Framboð leiguiúða megi rekja til þess að Airbnb-íbúðir flæddu inn á leigumarkaðinn síðasta vor. Afleiðingin sé sú að vísitala leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu hafi lækkað um 2 prósent síðasta árið á meðan verðlag hafi hækkað um 4 prósent og húsnæðisverð um 7 prósent.

Þá er húsnæðisverð í hlutfalli við laun og ráðstöfunartekjur svipað og það var fyrir ári og nokkuð lægra

# Búum í hagin fyrir atvinnulíf fram tíðarinnar

arionbahki.is

### Bjarg ryður sér til rúms

Stærsti hluti íbúða Bjargs er á höfuðborgarsvæðinu og því ljóst að Bjarg er á góðri leið með að verða umsvifameira en stærstu einkareknu félögin Hemstaden og Alma. Til samanturðar á Hemstaden tæplega 700 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu og Alma tæplega 800.

Langsamlega stærsta leigufélagið er þó Félagsbústaðir, sem eru í eigu Reykjavíkurborgar og með hátt í 3.000 íbúðir á sínum snærum. Eignasafnið er bókfært á 94 milljarða króna.

Á árinu 2020 bættust 127 leigugeiningar við eignasafn Félagsbústaða og eru það mestu íbúðarkaup félagsins á einu ári í meira en áratug.

Eignir Félagsbústaða voru samkvæmt efnahagsreikningi rúmlega 100 milljarðar króna í árslok 2020, en þar af námu fjárfestingareignir 99 milljörðum króna.

Þá er Félagsstofnun stúdenta með um 1.400 íbúðir í útleigu.

samanborið við árin 2017 og 2018 og lækkun vaxta hefur dregið verulega úr greiðslubyrði heimila.

„Það er auðveldara að kaupa íbúð í dag en oft áður sökum lágra vaxta og framboð á leiguhúsnæði er meira en það hefur nokkru sinni verið,“ segir Gauti.


„Það er ekki sama ástand og var árið 2017 þegar það var ekki húsnæði að finna á höfuðborgarsvæðinu fyrir fólk á leigumarkaði. Þá auglýstum við íbúð og fengum 70 umsóknir. Núna er við með lausar íbúðir víða í bænum,“ bætir hann við.

Lög um almennar íbúðir voru samþykkt á Alþingi í júní 2016 í kjölfar samkomulags verkalyðshreyfingarinnar og stjórnvalda í tengslum við kjarasamningaviðræður árið 2015. Þeir lögáðilar sem fá stofnframlög skulu alltaf vera reknir án hagnaðarsjónarmiða en form þeirra getur verið mismunandi.


Síðan þá hafa stofnframlög verið veitt vegna bygginga eða kaupa á samtals 2.625 almennum íbúðum. Samkvæmt nýlegri skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar flokkast um 44 prósent af íbúðunum ætlaðar tekjulágu- og eignalitlu fólki á vinnumarkaði. Restin eru íbúðir fyrir fatlaða, námsmenn, öryrkja og aldraða.

Umsvif sjálfseignarstofnunarinnar Bjargs, sem var stofnuð af ASÍ og BSRB árið 2016, fara ört vaxandi. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu félagsins hafa 311 íbúðir verið afhentar leigutökum, 347 íbúðir eru á framkvæmdastigi og 395 íbúðir eru í undirbúningi. Það gera 1.053 íbúðir en alls hefur Bjarg gert viljayfirlýsingar við sveitarfélög um stofn-

### Stærðardreifing íbúða í byggingu sumar 2020



### Fjöldi íbúða á markað eftir árum



### Tilfærsla frá leigumarkaðinum

Í nýlegri skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) eru sagðar sterkar vísbendingar um að leigumarkaður hafi minnkað, einkum í kjölfar COVID. Samkvæmt meðaltali mælinga ársins 2019 og byrjun árs 2020 bjuggu 70,8 prósent í eigin húsnæði, 16,6 prósent voru á leigumarkaði og 9,7 prósent í foreldrahúsum.

Merkja má skýra breytingu á leigumarkaðinum eftir að faraldurinn skall á en í mælingum í apríl, júlí og nóvember sögðust um 13 prósent svarenda búa í leiguhúsnæði og 11,5 prósent í foreldrahúsum. Hlutfall þeirra sem sögðust búa í eigin húsnæði hefur einnig hækkað mikið og er að meðaltali um 73 prósent í þessum mælingum.

„Leigumarkaðurinn var mögulega byrjaður að minnka áður en faraldurinn skall á hér á landi, en greina má hreyfingu af leigumarkaði og yfir í foreldrahús í mælingu janúarmánaðar. Eftir að farsóttin náði fötfestu lækkuðu vextir í stórum skrefum sem auðveldaði enn frekar tilfærslu af leigumarkaðnum og yfir í eigið húsnæði,“ segir í skýrslunni.

Ef borin eru saman meðaltöl mælinga 2019 og 2020, sést að mesta breytingin er í aldrushópnum 18-24 ára, en sá hópur er einkum að færa sig af leigumarkaði yfir í foreldrahús. Einnig mældist talsverð breyting í aldrushópnum 25-34 ára en sá hópur er hins vegar að færa sig af leigumarkaði yfir í eigið húsnæði. Greina má tilfærslu í öllum eldri aldurshópum af leigumarkaði yfir í eigið húsnæði.

### Við getum spurt okkur að því hvers vegna sveitarfélög vilja vera með svona mikið af fasteignum á sínum efnahagsreikningi.

María Björk Einarasdóttir, framkvæmdastjóri Ölmú



framlög og lóðir vegna 1.300 íbúða. Þá eru uppi hugmyndir innan VR um að stofna annað leigufélag, Blæ, sem væri af sambærilegri stærðargráðu. Hefur Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, lýst því yfir að Bjarg og Blæ geti byggt um 600-800 íbúðir á ári sem væri um þriðjungur af árlegri þörf markaðarins.

### Varar við einsleitni

Tekjur og eignir þeirra sem sækja um að búa í almennum íbúðum mega ekki vera umfram ákveðin mörk við upphaf leigutíma. Til að mynda fær barnlaust og einstætt fólk ekki úthlutað íbúð hjá Bjargi ef tekjur þess eru yfir 535 þúsund krónur á mánuði.

María Björk Einarasdóttir, framkvæmdastjóri Ölmú leigufélags, segir aukið framboð sértækra úrræða endurspeglar viðbrögð við uppsafnaðri þörf á húsnæði fyrir tekjulægri hópa.

„Það er jákvætt að gert hafi verið átak í því að auka framboð á félagslegu húsnæði en á sama tíma hef ég áhyggjur af því að sjónarmið um gæði og félagslega fjölbreytni hafi ekki fengið nægilegt vægi í uppbyggingunni,“ segir María Björk. Mikilvægt sé að tryggja félagslega blöndun frekar en að setja tekjubak

### Framboð á leiguhúsnæði er meira en það hefur nokkru sinni verið.

Arnar Gauti Reynisson, framkvæmdastjóri Hemstaden á Íslandi



á heilu fjölbýlisklasana. „Það vill enginn byggja upp einsleit og stétta-skipt hverfi.“

Ein lausn til að vinna gegn félagslegri einsleitni væri að efna til samstarfs milli einkarekinna leigufélaga annars vegar og hins vegar þeirra sem standa að baki sértækum úrræðum. María Björk segir ýmis fordæmi fyrir slíku samstarfi í nágrannalöndum, til að mynda í Bretlandi þar sem sérhæfð leigufélög leigja húsnæði til sveitarfélaga sem aftur leigja það út. Þá mætti jafnframt sjá fyrir sér samstarf við uppbyggingu fasteignaverkefna milli einkarekinna og félagslegra félaga.

„Við getum spurt okkur að því hvers vegna sveitarfélög vilja vera með svona mikið af fasteignum á sínum efnahagsreikningi, sérstaklega í ljósi umræðu um skuldahlutföll og fjárhagsvanda sveitarfélaga. Hvort það sé ekki upplagt fyrir einhver sveitarfélög að losa fasteignir, leigja íbúðir og niðurgreiða þær síðan til sinna skjólstæðinga í stað þess að halda utan um fasteignirnar með tilheyrandi fjárbindingu og allri umsýslunni sem því fylgir,“ segir María Björk. „Það myndi auka sveigjanleika í kerfinu og stytta margumtalaða biðlista, og á sama tíma bæta svigrúm sveitarfélaga til að sinna kjarnastarfsemi á borð við velferðarþjónustu og rekstur skóla, að láta sérhæfð félög um eignarhald og rekstur fasteignanna.“

Spurð hvort einhverjar hindranir séu í vegi fyrir því að efla almennan leigumarkað enn frekar nefnir María Björk að leigumarkaðurinn hafi tekið miklum framförum síðustu ár, meðal annars vegna innkomu félaga á borð við Ölmú á markaðinn. Að leigja hafi þannig orðið jafn öruggur búsetukostur og að eiga.

„En það er sumt í húsnæðislöggjöfni á Íslandi sem gerir leigusólum erfitt að binda leigu í mjög langan tíma vegna þess að litlar heimildir eru fyrir því að aðlaga leiguverð ef kostnaður breytist. Húsaleigulögin eru skrifuð í kringum leigumarkaðinn sem áður var, þar sem lítið var á leigu sem skammtímaúrræði. En nú stendur fyrir dyrum endurskoðun laganna og mér skilst að þar verði langtímaleiga í forgrunni,“ segir María Björk. Einnig þurfi mörg sveitarfélög að setja aukinn kraft í úthlutun nýrra lóða undir uppbyggingu.



# RAF MÓTORAR



**SCANVER** 588 80 40  
EHF www.scanver.is  
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

# Þurfum að grípa til frekari aðgerða

Sækja þarf verkefni í hugverkaiðnað og í orkusækinn en umhverfisvænan iðnað. Nokkrir lykilmálaflokkar þurfa að tala betur saman. Niðursveifla íslenska hagkerfisins er oft dýpri en hjá öðrum ríkjum, en við förum hraðar upp.

Helgi Vífill  
Júliusson  
helgivifill@frettabladid.is



Auka þarf landsframleiðslu um 545 milljarða króna á næstu fjórum árum til að efnahagsleg lífsgæði landsmanna verði meiri en þau voru fyrir COVID-19 efnahagsáfallið. Auka þarf gjaldyriskerfi um 300 milljarða á sama tímabili og skapa 29 þúsund störf, meðal annars til þess að ná niður atvinnuleysinu og mæta fjölgun landsmanna. „Þetta er vel hægt, við höfum gert þetta áður en við þurfum að grípa til frekari aðgerða,“ segir Árni Sigurjónsson, formaður Samtaka iðnaðarins og yfirlögfræðingur Marel.

„Niðursveifla íslenska hagkerfisins er oft dýpri en hjá öðrum ríkjum, en við förum líka hraðar upp. Það helgast af smæð hagkerfisins en stöðir þess eru að verða fjölbreyttari, sem er mjög mikilvægt. Hugverkaiðnaðurinn kom formlega inn sem fjórða stöðin á síðasta ári til viðbótar við sjávarútveg, orkusækinn iðnað og ferðaþjónustu,“ segir hann.

Samtök iðnaðarins munu halda Iðnþing á morgun, fimmtudaginn 4. mars, og verður fjallað um hvernig slíta megi fjötra svo hægt sé að hlaupa hraðar, skapa ný, eftirsótt störf og sækja fram í markaðsstarfi til að afla aukinna gjaldeyriskerfa.

„Við þurfum að hlaupa hraðar, sækja tækifærin í ríkari mæli og með markvissari hætti. Má þar nefna uppbyggingu hugverkaiðnaðar og í orkusæknum en umhverfisvænum iðnaði. Það hefur skort heildarstefnumótun um hvernig verkefni eigi að sækja, hver eigi að vinna hvað og hve hratt skuli afla verkefna. Á sjöunda áratug síðustu aldar tóku stjórnvöld og atvinnulíf sig saman og unnu að því að sækja tækifæri þess tíma hingað til lands. Það gekk farsælega. Við þurfum að taka höndum saman á nýjan leik og sækja þau tækifæri sem nú eru álitleg,“ segir Árni.

Regluverkið hérlendis er, að hans sögn, of flókið og skattar of háir. „Á Íslandi þarf að einfalda regluverk, draga úr skattheimtu, meðal annars með lækun tryggingagjalds og lækun á fasteignasköttum á atvinnuhúsnæði. Gera þarf atvinnustarfsemi auðveldara fyrir án þess að dregið sé úr kröfum um gæði. Það er mikilvægt til að efla samkeppnishæfni landsins.“

Enn fremur þarf að marka atvinnustefnu. Bretar hófu til að mynda slíka vinnu eftir að landið gekk úr Evrópusambandinu til að bæta samkeppnisstöðu sína. Það hefur reynst þeim vel. Hið sama gildir um frændþjóðir okkar á Norðurlöndunum. Hér á landi þurfa nokkrir lykilmálaflokkar að tala betur saman. Ég horfi þar einkum til samspils menntunar, nýsköpunar, orkumála, umhverfismála, innviða og starfsumhverfis,“ segir Árni.

Jafnframt þurfi hið opinbera að tileinka sér langtímahugsun varðandi fjárfestingar í innviðum. Mörg ríki nýti innviðafjárfestingar sem hagstjórnartæki, að hans sögn, til að mæta niðursveiflu í efnahagslífinu. „Þau hafa forunnið verkefni og geta hafist handa við stærri framkvæmdir með skömmum fyrirvara. Ef vinna þarf undirbúningsvinnu, sem er nauðsynleg en tekur tíma, gæti staðan í efnahagslífinu hafa



Árni segir að iðnaður hafi unnið varnarsigur á síðasta ári. MYND/ADSEND

Við þurfum að taka höndum saman á nýjan leik og sækja þau tækifæri sem nú eru álitleg.

Árni Sigurjónsson,  
formaður Samtaka iðnaðarins

breyst verulega þegar hægt er að ráðast í framkvæmdirnar,“ segir Árni.

Hann segir að það hefði verið til bóta ef hið opinbera hefði verið buið að forvinna fjölbreyttari innviðaframkvæmdir sem hægt hefði verið að einhenda sér í skömmu eftir að COVID-19 fór um heiminn og leiddi til efnahagssamdráttar.

Fram kom í skýrslu á vegum Samtaka iðnaðarins að uppsöfnuð viðhaldsþörf innviða sé 420 milljarðar. Með uppsafnaðri viðhaldsþörf er átt við hvað þarf til að koma viðkomandi þætti innviða í ástand þar sem stada þeirra er góð og eðlilegt viðhald þarf til að halda stöðunni óbreyttri. Í skýrslunni er ekki horft til nýrra innviðaframkvæmda.

Til að flýta fyrir fjárfestingum í innviðum leggur Árni til að opnað verði enn frekar á aðkomu einkaaðila. Við það geti stjórnvöld veitt hlutfallslega minni fjármunum í slík verkefni og við það skapist jafnframt svigrúm til að bæta í grunnþjónustu og draga úr halla ríkissjóðs. „Við verðum vör við mikinn áhuga frá lífeyrissjóðum að koma að fjárfestingum í innviðum,“ segir hann.

Fyrsta starfsári Árna sem formanns Samtaka iðnaðarins fer senn að ljúka en hann var kosinn til tveggja ára. „Fyrsta starfsárið hefur verið óvenjulegt en lærdómsríkt. COVID-19 heimsfaraldurinn hefur tekið lengri tíma en vonir stóðu til í upphafi. Þótt það glitti í ljós við enda ganganna mun áhrifa hans gæta á næstu árum. Vinnan síðasta árið hefur einkennst af mikilli samvinnu við félagsmenn og stjórnvöld í björgunarstarfi efnahagslífsins í kappi við tímann. Við sendum stjórnvöldum vel igrunduðar tillögur og margar þeirra komu til framkvæmda. Má þar nefna áherslur á nýsköpun, menntun og innviði. Við erum til að mynda strax farin að sjá meiri nýsköpun en ýmsir þorðu að vona við það að endurgreiðsluhlutfall rannsókn- og þróunarkostnaðar var hækkað,“ segir hann.


## Aukin bjartsýni

Árni bendir á að aukinnar bjartsýni gæti á meðal félagsmanna og vitnar í nýlega könnun Samtaka iðnaðarins. Um 43 prósent meta aðstæður í efnahagslífinu góðar en 19 prósent slæmar. Í apríl í fyrra þegar heimsfaraldurinn hafði nýlega breiðst út hafi aðeins 24 prósent metið aðstæðurnar góðar og 52 prósent slæmar. Hlutfallið sé nú hærra en árið 2019.

„Félagsmenn vænta viðsnúnings á seinni helmingi ársins. Niðurstöður könnunarinnar benda ekki til þess að það verði snarpur viðsnúningur. Iðnaður hefur alla burði til að knýja áfram hagkerfið eins og hann var drifkraftur uppsveiflu efnahagshrunsins 2008. Þá sköpuðum við um þriðjung hagvaxtar. Iðnaður leggur til um fimmtung landsframleiðslu og starfa í landinu. Þess vegna þykir okkur mikilvægt að því sé haldið til haga að framlag og vöxtur íslensks iðnaðar er mikilvægur fyrir vöxt hagkerfisins,“ segir Árni.

Árni segir að það hafi verið aðáunartvert að fylgjast með því hvernig íslenskur iðnaður hafi umbylt starfsemi sinni til að takast á við breyttan veruleika; framleiðslufyrirtæki hafi til dæmis breytt framleiðslulínunum og hólfaskipt þeim á meðan þeir sem gátu unnið heima gerðu það. „Við teljum að flestum félagsmönnum hafi tekist að halda uppi starfsemi að verulegu leyti.“

Spurður um hve þungt efnahagshöggjið hafi verið fyrir fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins segir hann að höggjið hafi ekki orðið eins mikið og margir óttuðust. „Við eigum eftir að sjá rauntölur og það er misjafnt hve mikil áhrif heimsfaraldurinn hefur haft á tiltekna atvinnustarfsemi. Heilt yfir má segja að íslenskur iðnaður hafi unnið varnarsigur á síðasta ári. Byggingariðnaður hefur til dæmis staðið þetta býsna vel af sér þótt hann sé sögulega sveiflukenndur. Það má valaust þakka lágum stýrivöxtum, áttakinu Allir vinna og aukinni áherslu á framkvæmdir af hálfu hins opinbera. Hugverkaiðnaður hefur blómstrað síðastliðið ár. Það hafa verið áskoranir í framleiðslu iðnaði enda vantar tvær milljónir ferðamanna til að festa kaup á neysluvörum og matvælum,“ segir hann.



## Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

**KONTAKT**  
FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

# BLÖÐIN

Blaðið í dag og safn eldri blaða á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)

# Brýnt að draga svarta sauði í dilka

Þótt lagaramminn sé skýr komast stjórnendur gjaldþrota félaga upp með að hlunnfara kröfuhafa í alltof miklum mæli, að sögn lögmanns. Skiptastjórar þurfi að tilkynna refsiverða háttsemi til lögreglu. Vantar meiri slagkraft og fjármagn í þennan málaflokk.

Viðskiptalífið hefur ríka hagsmuni af því að gjaldþrot gangi fyrir sig með réttum og sanngjörnum hætti gagnvart kröfuhöfum, og „svörtu sauðirnir í þeim efnum séu dregnir í viðeigandi dilka“. Þetta segir Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður í samtali við Markaðinn.

Sveinn Andri tekur fram að gjaldþrot fyrirtækja sé ekkert til að skammast sín fyrir, heldur eðlilegur þáttur í viðskiptalífinu. Aftur á móti eru tvær meinsemdir tengdar gjaldþrotum fyrirtækja of algengar að hans mati.

Það er annars vegar kennitöluflokk, þar sem atvinnurekandinn notar gjaldþrot til að hreinsa út skuldir, hefja sama rekstur á ný og skilja kröfuhafa eftir með sárt ennið. Hins vegar er það undanskot eigna í aðdraganda gjaldþrotaskipta, greiðsla valinna krafna og aðrir gjörningar sem mismuna kröfuhöfum.

„Í öfgafyllstu tilvikunum er um hvort tveggja að ræða, þar sem ásetningur verður til um að strípa félag af eignum, tæma það að innan og um leið að sjá til þess að aðrir en nákomnir kröfuhafar beri skarðan hlut frá borði,“ segir Sveinn Andri.

„Það er alveg hægt að selja eignir, greiða skuldir og gera ýmsa gerninga í aðdraganda gjaldþrotaskipta,“ bætir hann við. „Það skiptir hins vegar máli hvernig það er gert.“

Löggjafinn hefur sett í lög tvenns konar úrræði til að bregðast við alls kyns undanskotum og mismunum í tengslum við gjaldþrotaskipti. Ann-



Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ars vegar riftunarreglur sem veita skiptastjórum þrotabúa úrræði til að endurheimta verðmæti sem skotið hefur verið undan, eða vinda ofan af gerningum sem brjóta gegn jafnræði kröfuhafa.

Hins vegar er í hegningarlögum ákvæði um svokölluð skilasvik, en það getur varðað allt að sex ára refsingu að skerða rétt lánardrottna með undanskoti eigna, sölu eigna fyrir óhæfilega lágt verð og öðrum álíka gerningum.

„Þótt lagaramminn sé skýr eru stjórnendur að komast upp með að hlunnfara kröfuhafa í alltof miklum mæli,“ segir Sveinn Andri og nefnir þrjár ástæður. Í fyrsta lagi eru störf skiptastjóra oft ekki að skila tilætlunum árangri, í öðru lagi er of lítið um það að skiptastjórar tilkynni refsiverða háttsemi til lögreglu og í

þriðja lagi vantar meiri slagkraft og fjármagn í þennan málaflokk hjá embætti héraðssaksóknara.

„Miðað við þann mikla fjölda gerninga sem skiptastjórum hefur þó tekist að rifta, er með ólíkindum hversu fá af þeim málum hafa ratað til héraðssaksóknara. Í fjölmörgum þeirra tilvika er uppi ásetningur til undanskota eða mismununar kröfuhafa og eru þá ótalin öll undanskotin og riftanlegu gerningarnir sem fara fram hjá skiptastjórum,“ segir Sveinn Andri. „Það er með öllu óskiljanlegt í raun að ekki skuli vera á borðum dómstóla fleiri sakamál vegna refsiverða skilasvika.“

Héraðsdómarar skipa skiptastjóra og þegar kemur að stórum og flóknum þrotabúum leitast þeir við að skipa lögmann með reynslu. Þeir sem eru nýrri í faginu fá frekar

## Reynir oft á samstarf við kröfuhafa

Ef litlar sem engar eignir hafa verið skildar eftir í þrotabúi ábyrgjast kröfuhafar gjarnan kostnað af aðgerðum skiptastjóra. Sveinn Andri segir mikilvægt að eiga gott samstarf við kröfuhafa þegar ráðast þarf í viðtækar aðgerðir til að endurheimta eignir og vísar til skiptanna á hinu umdeilda þrotabúi EK1923 ehf. sem var fyrirferðarmikið í fjölmíðlum og hafði sjö dómsmál í för með sér.

„Þar lögðu menn upp með það plan að vinna nokkur

litol riftunarmál, sem gæfu þrotabúinu slagkraft til þess að vinna stærsta riftunarmálið sem tengdist undanskoti á fasteign félagsins, en það myndi duga til að gera upp allar kröfur,“ segir Sveinn Andri.

Hann hefur áður lýst yfir að gjaldþrotaskiptameðferðin á EK1923 sé sú „árangursríkasta í sögu íslensks gjaldþrotaréttar“. Um 600 milljónir króna fengust upp í kröfur, en við gjaldþrotaskipti búsin voru tæplega 7 milljónir á reikningum félagsins.

eignalítil bú. „En stundum er ekki gott að sjá þetta fyrir fram og ávallt er sú hætta til staðar að stjórnendur

félags nái að vefja óvönum skiptastjóra um fingur sér.“ [thorsteinn@frettabladi.is](mailto:thorsteinn@frettabladi.is)


## Hyggja á 24 milljarða fjármögnun á árinu

Vægi útflutningstekna á sviði hugvits og tækni hefur hækkað úr 7 prósentum í 15 prósent á undanförunum árum og starfsmönnum fyrirtækja á því sviði fjölgaði um 14 prósent á árinu 2020. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýlegri könnun Íslandsstofu meðal 110 íslenskra vaxtarfyrirtækja sem starfa á sviði nýsköpunar, hugvits og tækni. „Þetta er fyrirtæki sem eru flest innan við tíu ára gömul og eru farin að sækja á erlenda markaði eða eru nálægt því. Flest þeirra sækja meirihluta tekna sinna að utan,“ segir Jarþrúður Ásmundsdóttir, fagstjóri hugvits, nýsköpunar og tækni hjá Íslandsstofu.

Þrátt fyrir að erfitt rekstrarár sé að baki hjá mörgum var lítið sem ekkert um það að fyrirtækin sem svöruðu könnuninni hefðu beinlínis tapað viðskiptavinum á næsta ári, þó að tekjur hafi dregist örlítið saman. „Svo er áhugavert að sjá að í þessari djúpu kreppu hafi starfsmönnum fjölgað um 14 prósent á síðasta ári. Störf sem þarna skapast krefjast menntunar og eru hálaunastörf. Þessi störf bera líka með sér ákveðin ruðningsáhrif, því stofnun eins nýsköpunarfyrirtækis getur oft af sér stofnun fjölmargra annarra,“ segir Jarþrúður.

Samanlögð velta fyrirtækjanna sem svöruðu könnuninni er um 72 milljarðar króna, en um þrjú fjórðu þeirra eru með veltu undir 500 milljónum. Áætlanir um fjármögnun liggja í flestum tilfellum fyrir, en fjármögnun á þessu ári er samanlögð áætluð um 24 milljarðar króna, samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar. Þriðjungur fyrirtækjanna gerir ráð fyrir að minnsta kosti tvöfalda veltu sína á næsta árinu og yfir

### Hlutfall útflutnings af tekjum



### Könnun Íslandsstofu

- Örlítill samdráttur var á tekjum á milli árunum 2019 og 2020 en starfsmönnum fjölgaði á sama tíma um 14 prósent.
- 67 prósent fyrirtækjanna hafa rekstrarfé miðað við óbreyttan rekstur til næstu tólf mánaða.
- Samanlagt hyggjast fyrirtækin sækja um 24 milljarða fjárfestingu á næstu tólf mánuðum.
- Almennt hefur viðskiptavinum ekki fækkað.

80 prósent gera ráð fyrir að bæta við sig starfsmönnum.

Helstu viðskiptavinir fyrirtækjanna eru í Bandaríkjunum, Norðurlöndunum, Þýskalandi og Frakklandi. Það eru þau markaðssvæði sem Íslandsstofa skilgreinir sem lykilmarkaði í sinni útflutningsstefnu, að sögn Jarþrúðar. – thg

FRÁBÆR Í HÁDEGINU

# FISKIVEISLA

3 tegundir af ferskasta fiski dagsins

## MARS TILBOÐ

1.990 kr. á mann

**GRILLAÐUR – PÖNNUSTEIKTUR – OFNBAKAÐUR**

Borinn fram með fersku salati, smælki, og citrus beurre blanc.

APOTEK Kitchen + Bar // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / [apotek.is](http://apotek.is)

## Skotsilfur



## ADVEL hefur verið skipt upp

Starfsemi lögmannsstofunnar ADVEL hefur verið skipt upp í tvö sjálfstæð félög eftir að hluti eigenda stofunnar, þeir **Kristinn Hallgrímsson**, Sigurður Valgeir Guðjónsson og Óskar Norðmann, hurfu á braut og starfa nú undir merkjum ARTA lögmenn. Kristinn hafði starfað sem lögmaður hjá ADVEL og fyrirrennurnum stofunnar allt frá árinu 1988. Í eigendahópi ADVEL, sem samanstendur meðal annars af þeim Ragnari Guðmundssyni, Guðmundi Siemsen og Dóru Sif Tynes, eru nú fimm lögmenn eftir breytingarnar og hefur stofan nú flutt skrifstofur sínar á Hafnartorgið. ADVEL var fyrir í hópi umsvifameiri lögmannsstofa landsins en tekjur hennar á árinu 2019 námu liðlega 360 milljónum króna.



## Viska fjöldans

Það má segja að stjórnarkjörið sem er fram undan í Ícelandair, en þar er formaðurinn **Úlfar Steindórs-son** á meðal framþjóðenda, marki ákveðin tímamót. Um árabíl hefur eignarhald á skrúðum félögum í Kauphöllinni verið þannig að lifeyrissjóðir fara samanlagt með stóran hlut á móti öðrum fagfjárfestum og einkafjárfestum. Lítið hefur farið fyrir almennum fjárfestum. Þessi samsetning hluthafa getur síðan endurspeglast í stjórnarkjöri viðkomandi félags þar sem fjársterkir einkafjárfestar stilla sér upp á móti lifeyrissjóðum. Lifeyrissjóðir áttu samanlagt um 53 prósentu hlut í Ícelandair fyrir hlutfjárútbóðið en hann hefur lækkað niður í liðlega 25 prósent á sama tíma og hluthöfum hefur fjölgað úr 3 þúsundum í 14 þúsund. Ícelandair Group er orðið sannkallað almenningshlutafélag. Vonir standa til þess að almennir fjárfestar láti sig prófkjörið varða, rýni í rökstuðning tilnefningarnefndar og leggi mat á skynsamlega samsetningu stjórnar með tilliti til hæfni og reynslu. Það er ágætis tilbreyting að viska fjöldans fái að ráða.



## Leó til ÍV

**Leó Hauksson**, sem starfaði áður meðal annars hjá GAMMA Capital Management, hefur verið ráðinn til Íslenskra verðbréfa á svið markaðsviðskipta félagsins. Þar mun hann starfa á skrifstofu verðbréfafyrirtækisins í Kópavogi en ÍV er sem kunnugt með höfuðstöðvar sínar á Akureyri. Leó, sem er viðskiptafræðingur að mennt og hefur um 20 ára reynslu á fjármálamarkaði, hefur auk þess starfað hjá Kaupþingi, Arion banka, Íslandsbanka og Straumi fjárfestingarbanka.



## Starfsmenn mótmæla mögulegum samruna



Starfsmenn frönsku innviðafyrirtækjanna Veolia og Suez mótmæla því að stjórnendur Veolia horfi til þess að yfirtaka Suez. Það gera þeir fyrir utan skrifstofu Veolia í höfuðborginni París með því að veifa fánum frá verkalyðsfélögum og kveikja í reykblýsum. Frönsk verkalyðsfélög óttast að yfirtaka Veolia á Suez muni leiða til þess að starfsmönnum sameinaðs fyrirtækis muni fækka um þrjú til fjögur þúsund. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ekki má sofna á verðinum



**Pétur Blöndal**  
framkvæmdastjóri Samáls


Ekki lát er á eftirspurn áls í heiminum. Nú þegar hagkerfi heimsins taka við sér á ný sér merki þess þegar á álverði, sem er um tæplega 30% hærra en á sama tíma í fyrra. Og jákvæð tíðindi bást frá Straumsvík með orkusamningi Ísal og Landsvirkjunar.

Þegar lítið er til sögunnar hefur áliðnaður á Íslandi jafnan verið traustur stólpi í íslensku hagkerfi þegar kreppir að. Ekki þarf annað en að rifja upp að álverði í Straumsvík hefur verið með sömu kennitöluna í hálföld – og að það réðist í 60 milljarða fjárfestingu á árunum 2010 til 2015 sem er sú stærsta í íslensku efnahagslífi frá hruni.

**Samkeppnishæfni til skoðunar**  
Samkeppnisstaða íslensks áliðnaðar hefur verið í brennidepli undanfarin misseri. Afkoman hefur verið neikvæð og á það raunar við um fleiri greinar orkusækis iðnaðar. Það gerði þessum fyrirtækjum enn erfiðara fyrir þegar markaðir féllu vegna heimsfaraldursins.

Til að bregðast við þessum vanda fékk Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir iðnaðarráðherra þýska greiningarfyrirtækið Fraunhofer til að vinna skýrslu um samkeppnishæfni stóriðju á Íslandi. Niðurstaðan var sú að raforuverðið væri ekki í öllum tilvikum samkeppnishæft og jafnframt að þróun endurgreiðslna til álvera í Evrópu á ETS-hluta raforuverðsins ógnaði samkeppnisstöðu orkusækis iðnaðar á Íslandi.

Til þess að bregðast við gagnrýni í einum þætti skýrslunnar fékk iðnaðarráðherra Deloitte til að vinna skýrslu um flutningskostnað raforku og hefur nú lagt fram frum-



varp og tillögur sem ætlað er að auka skilvirkni og hagkvæmni á íslenskum raforukumarkaði.

**Horfa þarf á heildarmyndina**

Þegar samkeppnisstaða landa í orkusæknum iðnaði er borin saman þarf að horfa á heildarmyndina, enda er rekstrarumhverfið afar ólíkt. Í skýrslu OECD frá 2019 kom fram að ríkisstuðningur til álframleiðslu er langmestur í Kína og hefur það m.a. leitt til þess að ESB lagði tolla á innflutning tiltekinna álafurða frá Kína undir lok síðasta árs.

Í skýrslu OECD kom fram að víðast hvar í heiminum er ríkisstuðningur í einu eða öðru formi við álframleiðslu. Ekkert slíkt er uppi á teningnum hér á landi og raunar þurfa íslensku álverin að greiða fyrir losun í gegnum þátttöku sína í ETS-kerfinu, en það nær eingöngu til evrópskrar álframleiðslu. Þó er kolefnisspor álframleiðslu hagstæðara í Evrópu en víðast hvar annars staðar og hvergi minna en á Íslandi.

**Samkeppnishæfni ekki sjálfgefin**

Ef til vill er lærdómurinn sá að ekki

Í skýrslu OECD frá 2019 kom fram að víðast hvar í heiminum er ríkisstuðningur í einu eða öðru formi við álframleiðslu. Ekkert slíkt er uppi á teningnum hér á landi.

er á Íslandi sé sjálfbær og endurnýjanleg. En það voru tíðindi þegar Jóhannes Nordal sagði á ársfundi Landsvirkjunar árið 1984 að nánast engin raforka væri framleidd lengur með olíu og að gjaldeyrissparnaður vegna þessa væri umtalsverður.

Á þeim tíma hafði eigið fé Landsvirkjunar meira en sexfaldað að raungildi og nam um 6,6 milljörðum eða sem nam 11% aukningu á ári. Á sama tíma hafði verið lagður grunnur að afhendingaröryggi raforku hvarvetna um landið, lokið við byggðalinukerfið og með því „lagður grundvöllur sem á má byggja hagkvæmari og öruggari rekstur raforkukerfisins í framtíðinni.“

**Tækifæri til framtíðar**

En kannski munar mestu um það hér á úthjara veraldar að til urðu spennandi og vel launuð störf sem gera okkur kleift að keppa við önnur lönd um ungt og metnaðarfullt fólk. Þar hittu Jóhannes naglann á höfuðið í ræðu sinni fyrir hartnær 40 árum:

„Við skulum ekki heldur gleyma því, hver grundvöllur hefur verið lagður að áframhaldandi þróun orkumála hér á landi með þeirri verkunnáttu og þekkingu, sem íslenzkir sérfræðingar og aðrir starfsmenn hafa öðlzt í átökum við hin stóru verkefni, sem leyst hafa verið af hendi á undanföllum árum. Á engu sviði efnahagslegra framfara eignum við betri tækifæri til þess að beita vísindalegri þekkingu til að bæta efnahag þjóðarinnar öllum Íslendingum til farsældar.“



# 35%

## kynningar- afsláttur af BJARG HB

Stóllinn sem við  
höfum lengi beðið eftir

Hannaður eftir þöfum  
og óskum viðskiptavinarins.

Fallegur og nútímalegur  
stóll með öllum þeim  
stillimöguleikum  
sem góður  
skrifborðsstóll  
þarf á að  
halda.



### Bjarg HB+

KYNNINGARVERÐ  
**109.900 kr.**

LISTAVERÐ  
**169.900 kr.**

### Bjarg HB

KYNNINGARVERÐ  
**96.900 kr.**

LISTAVERÐ  
**149.900 kr.**



Kynningarverð gildir til og með 7 apríl.

RAMMASAMNINGUR VIÐ  
RÍKISKAUP

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. [hirzlan@hirzlan.is](mailto:hirzlan@hirzlan.is).

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opinn mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.



## SKOÐUN

Bórður  
Gunnarsson



## Borðum fars í mars

Sífelld algengara verður að sérfræðingar í markaðsherferðum af ýmsu tagi snúi út úr mánaðaheimum í þeim tilgangi að auka neyslu á tilteknum vörum. Má þar nefna veganúar, en markmið þess átaks er að fá fólk til að borða salat og ekkert annað í janúar. Fiskbúar snýr síðan að því að ýta undir neyslu sjávarafurða í febrúar. Aðrar herferðir hafa náð minna flugi. Til að mynda bakríl – alþjóðlegt samráð lyftiduftsfrauleidda um að auka áhuga á heimabakstri í aprilmánuði og þar með styðja við sölu á lyftidufti. Sinneptember er svo augljóslega runninn undan rifjum útflutningsráðs Dijon-héraðs í Frakklandi.

Gallinn við þessar markaðsherferðir er hins vegar sá að þær geta ómögulega höfðað til allra. Fyrir þá sem stunda miklar æfingar eða hafa af öðrum orsökum mikla þörf fyrir næringarrikan og orkuþéttan mat er nánast útilokað að láta af neyslu dýraafurða í heilan mánuð. Ekki svo margir en þó nokkur fjöldi fólks hefur líkamlegt óþol fyrir fiskmeti. Sjöunda dags lágkolvetnasöfnuðurinn getur síðan vart lagst í heimabakstur í heilan mánuð með góðu móti. Svo eru bara ekki allir mikið fyrir sinnep.

Nú er marsmánuður genginn í garð. Fars-mars ætti að geta verið sameiginlegt átak þjóðar. Þar sem allir með sínar sérþarfir og takmarkanir á mataræði geta verið með. Hægt er að vinna fars úr kjöti, fiski og hinum ýmsu baunategundum. Jafnvel kornmeti af ýmsu tagi, með góðum vilja.

Farsbollur úr kindakjöti, annað hvort soðnar með kálböggjum og bornar fram með bráðnu smjöri, eða steiktar á pönnu í brúnni sósu, hafa alltaf verið og verða herra-mannsmatur. Fiskifarsbollur í karrí eiga alltaf sinn sterka og verðskuldaða sess í íslenskri matarmenningu. Hvað er svo falafel annað en farsbollur úr kjúkl-ingabaunum? Raunar fellur alveg ótrúlega margt undir skilgreininguna á fars – til dæmis nánast öll matvæli sem framleidd eru með hráefnum úr plönturíkinu og eiga að líkja eftir kjöti. Kæfur og paté, spægi- og lifrarpýlsur.

Það góða er að þetta gæti verið sjálfsprottið átak þar sem engin ákveðin öfl eiga hagsmuna að gæta þegar kemur að aukinni farsneyslu landans. Þetta er því aðeins til skemmtunar og yndisauka.

Borðum fars í mars.

## Á 20 milljarða í íslenskum ríkisbréfum

Norski oliusjóðurinn, stærsti fjárfestingasjóður í ríkiseigu í heiminum, jók verulega við kaup sín í íslenskum ríkisskuldabréfum í fyrra og nam fjárfesting sjóðsins í slíkum bréfum um 1.313 milljónum norskra króna, jafnvirði nærri 20 milljarða íslenskra króna, í árslok 2020. Nam aukningin um 80 prósentum en árið áður átti sjóðurinn íslensk ríkisskuldabréf fyrir 727 milljónir norskra króna.

Þetta má lesa út úr yfirliti yfir allar fjárfestingar norska oliusjóðsins sem birt var samhliða útgáfu ársskýrslu



Nicolai Tangen, forstjóri oliusjóðsins.

hans í liðinni viku. Eign sjóðsins í íslenskum ríkisbréfum – í norskum krónum talið – hefur ekki verið meiri í að minnsta kosti fimmtán ár. Oliusjóðurinn átti í lok síðasta árs 0,14 prósentu hlut í Arion banka að virði 240 milljónir króna, skuldabréf í Landsvirkjun upp á 7,6 milljarða króna og kröfur á hendur eignarhaldsfélögunum Kaupþingi og LBI fyrir samanlagt 340 milljónir króna. Þá seldi sjóðurinn í fyrra öll bréf sín í Marel en hann hafði átt 0,26 prósentu hlut í félaginu í árslok 2019 sem var þá metinn á 1,2 milljarða króna. – hae

24.02.2021

Ég treysti íslenskum fjölmiðlum til þess að lifa af erlenda samkeppni ef við erum ekki með báðar hendur bundnar fyrir aftan bak út frá kvöðum sem enginn annar þarf að taka á sig.

Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar



Brandenburg | SÍA

# SAFNAÐU!

## EINN FYRIR ALLA, ALLIR FYRIR EINN

Taktu þátt og safnaðu áheimum á [mottumars.is](http://mottumars.is)

Krabbameinsfélagið MOTTUMARS

Sterkari saman í sátt við umhverfið

LITRÓF

Guðjón Ó

Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík  
litrof@litrof.is · 563 6000

# Kollagen er frábært yngingarefni

Svava Jónsdóttir, skiðakennari, snyrtifræðingur og sjúkraliði á Ólafsfirði, þakkar kollageni frá Protis fyrir að vera nær laus við exem í andliti auk þess sem hár hennar og neglur vaxa nú sem aldrei fyrr.

Ég hef aldrei tekið vítamín í gegnum tíðina né haft mikla trú á þeim, en ég hef tröllatru á kollageni. Með aldrinum hægist á framleiðslu þess í líkamanum og þá er gott að geta innbyrt það á þennan hátt," segir Svava Jónsdóttir, snyrtifræðingur, sjúkraliði og skiðakennari á Ólafsfirði.

Svava hefur síðustu þrjú mánuði tekið inn Protis® Kollagen.

„Mig langaði að gera eitthvað gott fyrir húðina því ég er úti við skiðakennslu mestan part vetrarins og kulduinn bæði þurrkar húðina og veldur óþægindum. Ég hef lengi átt í baráttu við exem í kringum munn og nef á veturna, bæði eftir hlaup og skiðamennsku, en það hefur alltaf lagast í sólinni þegar ég hef farið árviss út til Tenerife. Vegna heimsfaraldursins fór ég ekkert utan í fyrra og fann þá mun til hins verra á húðinni, en eftir að ég fór að taka inn kollagen frá Protis hefur exemið minnkað til muna, jafnvel þótt ég hafi verið úti með skiðakennsluna allan febrúar. Þetta þakka ég kollageninu því ég hef ekki gert neinar aðrar breytingar og nota alltaf sama andlitskremið sem ég flyt inn á stofuna mína," segir Svava. Hún finnur líka stóran mun á hári sínu og nöglum, þótt skammt sér líðið síðan hún fór að taka inn Protis® Kollagen.

„Hárvöxtur breytist með aldrinum og eftir áfall í fyrrasumar sá orðið á hárinu mínu. Kollagenið

**Svava Jónsdóttir er 41 árs Ólafsfirðingur. Hún hefur nú tekið inn Protis® Kollagen í þrjú mánuði og finnur mikinn og góðan mun á hári sínu, húð og nöglum.**

FRÉTTABLAÐIÐ/  
AUDUNN



hefur hleypt auknum vexti í það á ný og hárlós hefur minnkað. Ég er með hrokkid og svolitid villt hár og sé nú mikla endurnýjun í hárinu og ný hár koma fram og krullast," segir Svava.

## Skiðabakterian í farteskinu

Svava er Ólafsfirðingur í húð og hár. Hún er eigandi Snyrtistofunnar Svövu, sem er eina snyrtistofan á Ólafsfirði, og auk þess sjúkraliði hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Ólafsfirði.

„Það er mikilvægt að styrkja og næra húð og hár yfir vetrartímann. Fólk sem er að eldast og stundar íþróttir og útvíst leitar í næringarefni og vítamín til að

flyta fyrir endurnýjun frumna og þá er kollagen frábært yngingarefni," upplýsir Svava.

Hún er margfaldur Íslandsmeistari á skiðum og hefur undanfarna fjóra vetur boðið upp á vinsæl skiðagöngunámskeið í samstarfi við tvö stór hótél á Ólafsfirði.

„Það hefur alltaf verið mikil skiðamenning á Ólafsfirði og nú er geysimikill uppgangur í gönguskiðum. Upphaflega voru námskeiðin um helgar en nú er fólk farið að bóka sig í miðri viku líka og æðislegt að fólk sæki, læri og stundi skiðamennsku hjá okkur. Ólafsfirðingar eiga einstaklega flotta gönguskiðabraut og aðstæður til skiðaðkunar eru



um allan bæ þegar veður leyfir, í bænum sjálfum, upp með firðinum og í dölunum," segir Svava.

Hún segir alla geta lært á gönguskiði. „Fólk á öllum aldri og í misjöfnu formi getur iðkað gönguskiði. Ég fæ meira að segja til mín fólk eftir stórar hrygg-, mjaðma og hnéaðgerðir. Allir fara gladdir heim og það kemur flestum á óvart hvað hægt er að hreyfa sig mjúkt og á heilbrigðan hátt án þess að þjósast á líkamanum. Þeir fara heim með skiðabakteriuna í farteskinu og sama fólk kemur á námskeið til mín aftur og aftur. Ég mæli svo hiklaust með Protis® Kollageni því það hefur góð áhrif á allan líkamann, liði, vöðva og endurheimt.“

## Um Protis® Kollagen

Kollagen er náttúrulegt prótín og eitt helsta byggingarefni líkamans. Gott að vita um Protis® Kollagen:

- Ekkert gelatín eða sykurl
- Meira magn virkra efna en hjá

- flestum samkeppnisaðilum
- Engin aukæfni
- Sýnilegur árangur á 30 dögum
- Íslenskt hugvit og framleiðsla

Protis® Kollagen er framleitt úr íslensku fiskroði hjá líftæknifyrirtækinu PROTIS. Varan er einstök blanda af bestu innihaldsefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. Kollagen úr fiski er áhrifaríkara en kollagen úr landdýrum þar sem upptaka úr meltingarvegi er betri.

## Helstu innihaldsefni:

- SeaCol® er blanda af vatnsrofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorskrótíni úr íslenskum þorski. SeaCol® tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika.
- C-vítamín tekur þátt í myndun kollagens í líkamanum.
- Hyaluroníc-sýra er eitt mest rakagefandi efni náttúrunnar og viðheldur meðal annars raka húðarinnar.
- Kóensím Q10 er að finna í nær öllum frumum líkamans. Það er mikilvægt fyrir endurnýjun fruma eins og húðfruma.
- B2- og B3-vítamín, sink, kopar og bíótín fyrir hárvöxt, endurnýjun húðar og vöxt nagla.

Protis® Kollagen fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun og stórvörverslun.

# Geislar sólarinnar eru góðir í hófi

Lundin léttist hjá mörgum þegar sólarstundum fjölga. Sólarljós getur í réttu magni haft ýmis jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu. Það þarf þó að gæta þess að njóta sólarinnar hóflega.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is




Þessa dagana fjölga birtustundum hratt. Skammdegid er að vika fyrir bjartari kvöldum og sólin er farin að rísa fyrr á morgnana. Vorjafndægur verða 20. mars en þá er dagurinn jafnlangur nóttunni. Fyrir marga er skammdegid erfitt og lundin léttist því dagsbirtunnar nýtur við lengur og lengur á degi hverjum.

Sólarljós og myrkur hafa áhrif á hormónaframleiðslu í heilanum. Talið er að þegar fólk er útsett fyrir sólarljósi aukist losun heilans á hormóninu serótónín. Serótónín léttir lundina og hjálpar fólk að finna fyrir ró og einbeitingu. Á nóttunni þegar dimmir framleiðir heilinn annað hormón sem kallast melatónín. Melatónín, eins og margir vita, hjálpar fólk að sofa.

Þegar sólarljósið er ekki nægilega mikið, sem er staðan hér á Íslandi yfir dimmustu vetrarmánuðina, getur serótónínmagnid í heilanum tekið dýfu. Lítið magn af serótóníni tengist aukinni hættu á alvarlegu skammdegisþunglyndi.

En léttari lund er ekki eini heilsufarslegi ávinningurinn sem fylgir auknu sólarljósi. Þegar geislar sólarinnar skína á húðina framleiðir hún D-vítamín. Samkvæmt rannsókn frá árinu 2008, þá framleiddi fólk eftirfarandi



“**Vísindamenn vita ekki nákvæmlega hversu lengi æskilegt er að vera úti í sól til að njóta ávinnings af henni.**

magn D-vítamíns eftir að hafa verið útsett fyrir sólarljósi á sundfötum í 30 mínútur:

- Hvítt fólk: 50.000 IU einingar
- Ljósbrúnt fólk: 20-30.000 IU einingar
- Dökkt fólk: 8-10.000 IU einingar

D-vítamín spilar stórt hlutverk í heilsu beina. Lágt D-vítamín gildi hefur verið tengt við beinkróm hjá börnum og beinþynningu. Þannig getur hæfilegt magn af sólarljósi stuðlað að heilsu beina.

## Vörn gegn krabbameini

Þrátt fyrir að of mikið sólarljós geti stuðlað að húðkrabbameini hefur hóflegt magn í raun fyrirbyggjandi áhrif þegar kemur að krabbameini. Samkvæmt bandarískum vísindamönnum eru þau sem búa á svæðum með litilli dagsbirtu líklegri til að fá ákveðnar tegundir krabbameina en þau sem búa þar sem sólar nýtur við lengur á daginn. Þessi krabbamein eru meðal annars: ristilkrabbamein, krabbamein í eggjastokkum, Hodgkins eitilfrumuæxli, krabbamein í brisi

og krabbamein í blöðruhálskirtli. Samkvæmt heimildum frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) gæti útsetning fyrir sólinni einnig hjálpað til við meðhöndlun nokkurra húðsjúkdóma. Læknar hafa mælt með útsetningu fyrir útfjólubláum geislum til að meðhöndla: psoriasis, exem, gulu og unglíngabólur.

En þrátt fyrir að sólin sé góð að mörgu leyti þá getur útfjólublá geislun hennar valdið húðskemmdum sem geta leitt til húðkrabbameins. Vísindamenn vita ekki nákvæmlega hversu lengi æskilegt er að vera úti í sól til að njóta ávinnings af henni. En það hversu mikið sólarljós húðin þolir veltur á húðgerð og eins hversu sterkir sólarljósi eru. Fólk með ljósa húð brennur yfirleitt fyrir í sólinni en það sem er með dekkri húð. Einnig er líklegra að brenna í sólinni þegar hún er sterkust en það er yfirleitt í nokkra klukkutíma í kringum hádegid.

Samkvæmt WHO er nóg að fá sólarljós í 5 til 15 mínútur á handlegg, hendur og andlit tvisvar til þrisvar sinnum í viku til að njóta D-vítamínþætandi sólar. Athugið að sólin verður að komast inn í húðina. Að setja sólarvörn eða fatnað yfir húðina mun ekki leiða til D-vítamínframleiðslu. En ef ætlunin er að vera úti í meira en 15 mínútur er gott að vernda húðina. Það er hægt að gera með því að nota sólarvörn með að minnsta kosti 15 í styrkleika.

Heimild: Healthline.com

# Smáauglýsingar

550 5055  
Afgreiðsla smáauglýsinga og simi  
er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is)

## Þjónusta

## Pípulagnir

## PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.  
Upplýsingar í síma 868-2055

## Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum  
innan og utanhús. Vönduð  
vinnubrögð og góð umgengni.  
Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf.  
Sigurður 896-5758.

## REGNBOGALITIR.IS

Málningarþjónusta Við  
málum og spörslum hús og  
mannvirki innan sem utan. Við  
háþrýstjövum, vatnsverjum og  
styrkjum steiningu og sjónsteypu.  
Við erum vandvirkir fagmenn með  
mikla reynslu. Sími 8919890 eða  
[malarar@simnet.is](mailto:malarar@simnet.is)

## Meindýravarnir

## Vantar þig meindýraeyðir?

Sé um öll smærri og stærri  
verk, eyðingu sem og  
ráðgjöf.

Upplýsingar í síma 780 4481.

Er með öll tilskilin leyfi.

Cultus/Jóhann

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,  
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra  
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj.  
Mikael S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is)  
[flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)

## Múrarar

Get bætt við mig flísalögnum og  
múrinnu, 20 ára reynsla. Uppl. í s.  
866 3300

## Húsviðhald

Rúnar Múrari ehf  
S - 780 - 28 38

Tröppuviðgerðir - Húsviðgerðir  
- Þakmálun - Málningarvinna-  
o.m.fl.

<https://runarmurari.is>

## PROSTONE

- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga,  
fyrirtæki og húsfélög

519 7780

[prostone@prostone.is](mailto:prostone@prostone.is)

## Nudd

### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.  
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskípti.  
Straumblik ehf. Löggiltur  
Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Keypt & Selt

## Til sölu

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)



## Kassagítarar á tilboði

Gítarar og  
hljómborð  
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

[WWW.GEYMSLAEITT.IS](http://WWW.GEYMSLAEITT.IS)

Sérgeymslur á mjög góðum  
verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS


SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.  
Geymslur fyrir dánarbúð, allt að  
20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

## GEFÐU HÆNU

[gjofsemgefur.is](http://gjofsemgefur.is)  
907 2003

Hjálparstarf  
kirkjunnar



Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í  
mark hjá ÖLLUM í fjölskyldunni!



Nú eigum við alla okkar potta til á lager, en það er ekki vist að það  
verði þannig í sumari. Kannski er bara rétti tíminn núna til að fara að  
huga að pottakaupum og tryggja sé pott fyrir sumarið, hver veit?

Íslensk framleiðsla í 38 dr!  
Auðbrekku 6 200 Kópavogi  
Sími 565-8899 [normx@normx.is](http://normx@normx.is)

## retigo VISION

Yfir 500 Retigo ofnar  
seldir í íslensk  
atvinnueldhús

Allt hjá okkur

5 ára ábyrgð

ORANGE Vision BLUE Vision

Ný kynslóð  
Retigo ofna: **Vision Generation II**  
Kynntu þér betur ofnana í  
Sýningarsal okkar að Draghálsi 4



VERSLUNARTÆKNI [www.verslun.is](http://www.verslun.is)  
geiri [www.geirihf.is](http://www.geirihf.is)  
STÓRELDHÚS  
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS  
Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - [verslun@verslun.is](mailto:verslun@verslun.is)

## ESA | EFTA Surveillance Authority

## EFTA Surveillance Authority 2021/22 Trainee Programme

### Launch your career in the heart of Europe

For 2021/2022, six talented candidates will be invited to join the EFTA Surveillance Authority (ESA) trainee programme for 11 months from September 2021 to July 2022. The traineeship provides young professionals and recent graduates from the EEA EFTA States (Iceland, Liechtenstein and Norway) a unique opportunity to experience and participate in the work of ESA and the inner workings of the EEA Agreement.

### About ESA

ESA monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs staff members of 19 nationalities. ESA is led by a College consisting of three Members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

### The Traineeship

A traineeship at ESA is a great way to kick-start your career. Whether you are pursuing a career in the public or the private sector, at home or internationally, the experience will prove beneficial. Trainees take part in the daily work of the different departments. They gain valuable work experience by assisting case handlers with the ongoing activities of ESA, get hands-on knowledge of the functioning of the EEA Agreement and have the opportunity to live and work in a thriving multicultural environment.

We are looking for engaged young professionals or recent graduates from Iceland, Liechtenstein and Norway, who have completed or who will complete their degree in law by 1 September 2021. Strong academic results and an interest or specialisation in EEA/EU matters are required, as is an excellent command of English, the working language of ESA. Extracurricular activities and community involvement are rated positively.

Deadline for applications: 7 March 2021 (midnight CET) Start Date: 1 September 2021

For full details of the programme, an overview of our favourable conditions and to apply for this position, visit: [www.eftasurv.int](http://www.eftasurv.int).

## Skipulagsbreyting

### Tillaga að breytingu deiliskipulagsins „Miðbær Hafnarfjarðar“

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 06.01.2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu er nær til lóðarinnar við Strandgötu 9 og að málsmeðferð fari skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga.

Í breytingunni felst að: íbúðir gildandi deiliskipulags eru minnkaðar og þeim fjölgað. Byggingarmagn í kjallara og á 3. hæð eykst en stærðir annarra hæða haldast nær óbreyttar.

Kynningarfundur 15. mars kl. 17:30  
Frestur til athugasemda framlengdur  
Tillögur að breytingunum voru auglýstar til sýnis frá 15.01 til og með 01.03.2021. Ákveðið hefur verið að framlengja tíma auglýsingar til og með 18.03.21. Jafnframt er boðað til kynningarfundar að Norðrhelli 2, mánudaginn 15.03 kl.17:30 - 18:30, þar sem tillagan verður kynnt. Fjöldi þátttakenda í sal miðast við settar sóttvarnarreglur. Fundurinn verður einnig í beinu streymi á vef og Facebooksíðu Hafnarfjarðarbæjar.

Gögn eru til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagssviði að Norðrhelli 2. Einnig er hægt að skoða gögnin á [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is) undir íbúar/skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar eigi síðar en 18.03.2021. Skal þeim skilað skriflega á netfangið [skipulag@hafnarfjordur.is](mailto:skipulag@hafnarfjordur.is) eða á:

Hafnarfjarðarbær  
b.t. umhverfis- og skipulagssvið  
Norðrhella 2  
221 Hafnarfjörður

Hafnarfjordur.is

## Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

## Mjóahlíð 8

105 Reykjavík

### OPIÐ HÚS

miðvikudag 3. mars  
milli kl. 16:30 - 17

Falleg og mikið endurnýjuð  
55,7 fm íbúð á 1. hæð við  
rólega götu í Hlíðunum

- 2ja herbergja
- Góðar svalir
- Mikið endurnýjuð
- Geymsla í kjallara
- Góða staðsetning þar sem stutt er í alla helstu þjónustu

Verð: **37,9 millj.**

Nánari upplýsingar:

**Gunnar S. Jónsson**  
lögg. fasteignasali  
sími: 899 5856  
gunnar@miklaborg.is

**MIKLABORG**

569 7000 · Lág múla 4 · miklaborg.is

Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggilfr fasteignasalar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur

### Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana.

#### 1. Eyjarland L167649 – Landbúnaðarland í iðnaðarlóð – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. febrúar 2021 að kynna skipulagslýsingu vegna breyttrar landnotkunar á landi Eyjarlands. Í breytingunni felst að landbúnaðarland á lóð Eyjarlands L167649 er breytt í iðnaðarsvæði til samræmis við núverandi notkun lóðarinnar. Á lóðinni er starfrækt seiðaeldisstöð með framleiðslugetu fyrir um 20 tonn af seiðum.

#### 2. Skálpanesvegur – Skilgreining tveggja náma – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna skilgreiningar tveggja nýrra efnistökusvæða við Skálpanesveg. Annars vegar E129 við Skálpanes þar sem áætlað magn efnistöku er allt að 20.000 m<sup>3</sup> og hins vegar E130 við Geldingafell þar sem áætluð efnistöka er allt að 5.000 m<sup>3</sup>.

#### 3. Reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna reiðleiðar. Í breytingunni felst að sett verður inn reiðleið meðfram hluta Skeiða- og Hrunamannavegar og reiðleið sem er fyrir í aðalskipulagi færirst vestur fyrir veg.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana.

#### 4. Suðurlíð Langjökuls – Íshellir – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna íshellis í suðurlíð Langjökuls. Innan tillögunnar er gert ráð fyrir skilgreiningu staks afþreyingar- og ferðamannasvæðis á Langjökli. Innan svæðisins er gert ráð fyrir möguleika á að gera manngerðan íshelli sem viðkomustað fyrir ferðamenn. Íshellir geti verið allt að 800 m<sup>3</sup> að stærð. Ekki er gert ráð fyrir varanlegum mannvirkjum innan svæðisins.

#### 5. Stekkatún 1 L222637 og 5 L224218 – Breytt landnotkun – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar að Stekkatúni 1 og 5. Í tillögunni felst að hluta frístundasvæðis F73 er breytt í landbúnaðarland.

### Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

#### 6. Sólheimar, byggðahverfi 2020-2025 - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2021 að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til Sólheima í Grímsnesi. Í tillögunni felst endurskoðun núverandi deiliskipulags, skilgreining á lóðum innan svæðisins, byggingarreitum og byggingaskilmálum.

#### 7. Syðri-Reykir 2 L167163 – Deiliskipulag – 2101037

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2021 að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til Syðri-Reykja 2. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, gróðurhúsi, vélaskemmu og byggingar sem ætlaðar eru fyrir ferðaþjónustu.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

#### 8. Stekkatún 1 L222637 og Stekkatún 5 L224218 – Skilmálar og fyrirhuguð uppbygging – Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar vegna lóðar Stekkjatúns 1 og 5. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingaskilmála innan svæðisins.

#### 9. Stórhólmi L211525 – Íbúðarhús, reiðhöll og hesthús – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 9. febrúar 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags að Stórhólma L211525 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, reiðhöll og hesthúsi.

#### 10. Holt L192736 – Unnarholt land – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags að Holti L192736 í Hrunamannahreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining fjögurra byggingarreita, þriggja fyrir íbúðarhús og eins fyrir útihús.

#### 11. Bergsstaðir L167201 – Vélaskemmur – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. febrúar 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags í landi Bergsstaða, L167201. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreits fyrir 3 skemmur.

#### 12. Arnarbæli 1c, L228405 – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags á lóð Arnarbælis 1c. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á 2.700 fm byggingarreit þar sem heimilað verður að byggja allt að 200 m<sup>2</sup> íbúðarhús og 100 m<sup>2</sup> skemmu/geymslu.

